



**Holræsa- og stiftljúðnusta**  
**Þjódum alhlíða lagnahreinsun á sérútbúnum bíl**  
Lögum stíflur úr salernum, niðurföllum, fíllensdöglögum, regnvotri- og skóplögum.  
Hreinsun trjátrætur úr lögnum. Myndum lagrið sé þess óskað og og afhendum verkkaupa á minnstskilyki. Sjáum um tæmingar á rotróm. Bíll okkar er einnig útbúinn til hreinsunar á sandföngum, flú- og oluöglum.  
Leið 80 nánnari uppþinganga í síma 452 2958.  
Sími 452 2958 - Östvegja 18 - 545 Skagastönd - terra.is - norðvesturland@terra.is

Þau eru æði litfögur lömbin í Hvammshlíð  
Mynd: Karólína



Sauðburður gengur vel í svalanum

## „Gæti flokkast undir gott sauðburðarveður“

Það hefur veri kalt á landinu síðustu vikur, svali á daginn og frost á nóttum og útlit fyrir óbreytt ástand næstu daga, a.m.k. á Norðurlandi vestra. Gróður er stutt á veg kominn vegna kulda og úrkomuleysis og spáir Veðurstofan áframhaldandi þurrkum á svæðinu en annars staðar á landinu má gera ráð fyrir vætu.

Norska veðurspáin á Yr.no gefur þó tilefni til bjartsýni því hitinn fer ört hækkandi eftir helgi og ef eitthvað er að marka hana má búast við hita vel yfir tíu gráður næsta miðvikudag.

Þrátt fyrir kulda virðist sauðburður ganga vel víðast hvar og má þó þakka úrkomuleysisinu það að hluta þar sem fé sem búið er að sleppa úr húsi þoli veðráttuna ágætlega. „Það er skelfilegt hvað er kalt og það sprettur ekki neitt, en ég held að bændur séu ótrúlega brattir, segir Anna Margrét Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda. Hún segir bændur hafa getað sett fé í hey en það sé vont

að allan nýgræðing vanti þegar sleppt er út úr húsi. „Það er þessi þurrakuldi en ef féð hefur nóg að éta væsir ekki um það. Þetta er í lagi meðan ekki er slyddurigning með þessu. En auðvitað er það ferlegt að það kemur ekkert upp úr túnunum.“ Anna Margrét segir tún hafa komið vel undan vetri í Húnaþingi en einhver þeirra eru þó enn léleg frá fyrri vetri. „Það er ekkert neyðarástand en auðvitað eru menn að bíða eftir meira vori,“ segir hún.

Eiríkur Loftsson, ráðunautur í Skaga-firði, hafði sömu sögu að segja og bætti við að óvenju mikill klaki væri enn í jörðu sem bændur hafi orðið varir við við jarðvinnslu. „Ég veit ekki hvort hann hafi endilega mikil áhrif en jörðin er kaldari og hefur ekki tafið jarðvinnslu mikið enda hægt að plægja þó klaki sé í jörðu ef hann er í hæfilegri dýpt,“ útskýrir Eiríkur.

Ráðunauturinn lítur á björtu hliðarnar við að búa í köldu landi og segir kostinn ótvíræðan varðandi ýmislegt sem við

erum laus við, óværu sem annars myndi sækja á gróður, fólk og fénað. „Í köldu veðri er minna um smit þar sem þéttleiki er mikill og þá er heilbrigði búfjár betra svo þetta gæti flokkast undir gott sauðburða-veður. Það gerist allt hægar í gróðri en maður veit aldrei hvað bíður manns eftir hálfan mánuð. Kannski verður allt komið á blússandi siglingu þá.“

Karólína í Hvammshlíð ræktar litfagurt fé, eins og meðfylgjandi mynd sýnir, og segir hún að á ýmsu hafi gengið við sauðburðinn er hún er spurð út í stöðuna: „Í fyrsta skipti verð ég að segja „rysjótt“. Ég missti eina ær en gat bjargað lömbunum, hafði aldrei misst lamb né ær í sauðburði áður. En hitt gekk að mestu vel, lömbin öll spræk þótt veðrið sé fremur kalt, en sem betur fer þurr.“ Karólína segir ekkert lamb hafa komið einlitt til þessa, öll að minnsta kosti með eitt mynstur. „Ég er mjög ánægð með útkomuna. Eitt er jafnvel mögulsóttunukrunótt, sem finnst ekki svo oft.“ /PF



### KOSNING UM SAMEINGU Í AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU

Kynning og umfjöllun í Feykir

**Kosið um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu**



BLS. 11

Jón Gíslason formaður sameiningarnefndar A-Hún í spjalli  
**„Sterkari rödd út á við til eflingar svæðisins“**



BLS. 23

Arnrún Bára svarar Rabbínu  
**Grasið er grænt þar sem þú vökvar það**

**Er tölvan biluð?**  
Verkstæðið okkar annast viðgerðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Menntaðir og hæfir tölvuviðgerðarmenn með áralanga reynslu.



**Tengill**  
GRÆJUBÚÐIN ÞÍN

**VÉLAVAL**  
VARMÁHLÍÐ

© 453 88 88 ✉ velaval@velaval.is  
www.facebook.com/velavalehf

**Við þjónustum bílinn þinn!**

**BÍLAVERKSTÆÐI**  
Hesteyri 2 Sauðárkróki Sími 455 4570



Stórprent í toppgæðum  
Við prentum strigamyndir, auglýsingaskilti og plaggöt í hinum ýmsu stærðum og gerðum



**nýprent**  
HÖNNUN PRENTUN SKILTAGERÐ

Nýprent ehf. Borgarfjöt 1 550 Sauðárkrókur Sími 455 7171 nyprent@nyprent.is

**FISK**  
SEAFOOD

HÁEYRI 1 SAUÐÁRKROKI SÍMI 455 4400

**Meirapróf - Vinnuvélanámskeið Ökunám - Endurmenntun**

Birgir Örn Hreinsson  
Ökukennari  
S: 892-1790  
bigh@simnet.is

**ÖKUSKÓLI**  
NORÐURLANDS VESTRA  
SAUÐÁRKROKI





LEIÐARI

## Örlög sveitarfélaga í A-Hún senn ráðin

Nú líður að því að Austur-Húnavetningar fái að kjósa um framtíð sveitarfélaganna fjögurra í sýslunni sem undanfarin misseri hafa haft skilvirka nefnd sem kafað hefur í kosti og galla þess að sameinast í eitt. Eins og búast má við eru skiptar skoðanir um þann tilbúnað og fólk á öndverðum meiði og svo eru líka þeir sem engan áhuga sýna á verkefninu og kæra sig kollótta.

Hræðslu við sameiningu má sjá víða á landinu, sérstaklega hjá minni sveitarfélögum. Er viðkvæði oft að það stærra muni gleypa það minna með húð og hári sem ber þess vegna lítið sem ekkert úr bítum. Mörg dæmi eru um slík ummæli en á móti er bent á að miklir fjármunir fari í verkefni sem ekki endilega sjáist berum augum.



Dæmi um það geta verið verkefni undir yfirborðinu líkt og fráveitur eða jafnvel hitaveituframkvæmdir sem geta hlaupið á milljörðum króna.

Þá eru fjármunir lagðir í ýmiss konar viðhald sem gjarnan hefur setið á hakanum hjá smærri sveitarfélögum vegna fjárskorts, en ráðist er í eftir sameiningu. Margir hefðu gjarnan viljað sjá þann pening fara í eitthvað skemmtilegra. Bent hefur verið á að á stærri stöðum rísi gjarnan mannvirki sem sjást vel og greinilega og beri jafnvel einhverjum pólitíkusi eða flokki gott vitni. Þetta kann einhverjum að þykja gremjulegt sem lengra býr frá viðkomandi stað jafnvel þó að hann hafi í sjálfu sér ekkert á móti verkefninu.

Svo er alltaf þessi spurning; á að sameina bara til að sameina? Ég er ekki viss um að hún kunni góðri lukku að stýra. Mér leist ekkert á þá fyrirætlun stjórnvalda að þvinga sveitarfélög í eina sæng eftir því hve fjölmenn þau væru. Ég tel það farsælast að íbúarnir sjálfir fái að velja það með kosningu og upplýstri ákvörðun um hvar krossinn lendir og ekki má gamall hrepparigur stjórna þegar í kjörklefann er komið.

Gamla góða viðkvæði að sameining einfaldi alla stjórn-sýslu og geri hana skilvirkari með minni kostnaði á alltaf vel við. Það er staðreynd sem löngu er búið að sanna þ.e. hjá þeim sveitarfélögum sem alla jafna reka sameiginlega mála-flokka. Það segir sig sjálft að færri fólk kemur að stjórn eins sveitarfélags en fleiri og með minni stjórnunarkostnaði. En hin hliðin á peningnum er sú að þeim kostnaði sé vel varið.

Háttvirtur kjósandi í Austur Húnavatnssýslu! Hér með er skorað á þig að mæta á kjörstað þann 5. júní og gerast þátttakandi og um leið örlagavaldur um framtíð sveitarfélaganna fjögurra; Húnavatnshrepps, Blönduóss, Skagabyggðar og Skagastrandar.

Góðar stundir.

Páll Friðriksson, ritstjóri

## Textílmíðstöðin á Blönduósi

# Stór vika framundan

Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi stendur fyrir tveimur viðburðum tengdum HönnunarMars 2021. Annars vegar afhendingu verðlauna í Ullarþoni, hugmynda- og nýsköpunarkeppni sem haldin var í samstarfi við Nýsköpunarmíðstöð Íslands, og hins vegar formlegri opnun Textíllabs á Blönduósi.

Í tilkynningu frá Textílmíðstöðinni kemur fram að verðlaun í Ullarþoni verði afhent af hr. Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands nk. fimmtudag, 20. maí kl. 17 á svæði Textílfélagsins á Hafnar-torgi, Kolagötu 2.

Jafnframt er tekið fram að

markmið Ullarþonsins hafi verið að finna leiðir til að auka verðmæti verðmínustu ullar-flokkana með tilliti til hring-ráðarhagkerfisins en á Face-book-síðu Ullarþonsins má sjá myndband með topp 5 í hverjum keppnisflokki.

Eftir formlega opnun Textíllabs á Blönduósi að Þverbraut 1 á föstudaginn 21. maí nk., kl. 14 verður opið hús til kl. 20:00. Mennta- og menningarmála-ráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir koma til með að ávarpa gesti og að klippa í sameiningu á þráðinn þegar Textíllab verður opnað. /PF

## Skólahreysti 2021

# Tveir skólar úr Skagafirði í úrslit

Fyrstu tveir riðlar Skólahreysti fóru fram þann 4. maí í Íþróttahöll Akureyrar í beinni útsendingu á RÚV. Í fyrri riðli öttu kappi átta skólar af Austur- og Norðurlandi og þar mætti m.a. Grunnskólinn austan Vatna sem gerði sér lítið fyrir og sigraði.

Þá komst lið Varmahlíðar-skóla einnig áfram í úrslita-keppnina, sem fer fram þann 29. maí næstkomandi, en liðið keppti í Norðurlandsriðli með skólum frá Akureyri og nágrenni. Sjá Feykir.is. /SMH, PF

AFLATÖLUR | Dagana 9. til 15. maí 2021 á Norðurlandi vestra

## Málmey SK 1 landaði rúmum 124 tonnnum

Í aflaréttum er það helst að alls var landað tæpum 283 tonnnum á Króknum, þar af voru 22.404 kg af grásleppu og strandveiðimenn náðu samanlagt 11.755 kg á land. Drangey SK 2 og Málmey SK 1 lönduðu samanlagt tæpum 238 tonnnum en Málmey SK 1 var aflahæst með rúm 124 tonn.



Frá Skagaströnd. MYND: ÞORGRÍMUR ÓMAR UNASON

Á Skagaströnd var landað tæpum 64 tonnnum, rúmum 18 tonnnum af grásleppu og tæpum

35 tonnnum frá standveiðimönnum. Aflahæsti báturinn á Skagaströnd var Onni HU 36 með rúm 11 tonn. Einn bátur landaði á Hvammstanga, Steini G HU 45, 4.763 kg af grásleppu og fimm bátar lönd- uðu á Hofsósi alls 10.836 kg. Heildarafla á Norðurlandi vestra var 362.913 kg.

Alls er búið að veiða rúm 700 tonn af grásleppu á Norðurlandi vestra síðan vertíðin byrjaði og ennþá eru nokkrir við veiðar. Verðið per. kíló var, til að byrja með, um 130 kr. en var dottið niður í 100 kr. um daginn og borgar sig varla að fara á veiðar fyrir þetta verð. En strandveiðarnar fara vel af stað og gaman að sjá allar litlu trillurnar við strandlengjuna á góðum dögum. /SG

SKIP/BÁTUR	VEIDARFÆRI	KG
<b>SAUÐÁRKROKUR</b>		
Badda SK 113	Grásleppunet	8.726
Birna SK 559	Handfæri	726
Drangey SK 2	Botnvarpa	113.168
Fannar SK 11	Grásleppunet	606
Gammur II SK 120	Grásleppunet	4.326
Hafey SK 10	Grásleppunet	3.821
Kristín SK 77	Handfæri	2.296
Maró SK 33	Handfæri	1.553
Málmey SK 1	Botnvarpa	124.383
Már SK 90	Handfæri	2.472
Skvetta SK 7	Handfæri	2.449
Steini G SK 14	Grásleppunet	4.925
Vinur SK 22	Handfæri	2.259
Onni HU 36	Dragnót	11.230
<b>Alls á Sauðárkróki</b>		<b>282.940</b>

SKIP/BÁTUR	VEIDARFÆRI	KG
<b>SKAGASTRÖND</b>		
Alda HU 112	Handfæri	2.332
Arndís HU 42	Handfæri	1.556
Auður HU 94	Handfæri	1.584
Bergur Sterki HU 17	Grásleppunet	4.300
Bjartur í Vik HU 11	Handfæri	2.268
Bliófari HU 52	Handfæri	2.407
Bragi Magg HU 70	Handfæri	459
Dagrún HU 121	Grásleppunet	1.942
Elfa HU 191	Handfæri	2.405
Fengsæll HU 56	Grásleppunet	2.348
Hafdís HU 85	Grásleppunet	214

SKIP/BÁTUR	VEIDARFÆRI	KG
<b>SKIP/BÁTUR</b>		
Hjalti HU 313	Grásleppunet	668
Hrund HU 15	Handfæri	2.421
Ísak Örn HU 151	Grásleppunet	1.315
Jenny HU 40	Handfæri	1.946
Kambur HU 24	Grásleppunet	7.440
Kópur HU 118	Handfæri	2.220
Kristín HU 168	Handfæri	1.430
Lofur HU 717	Handfæri	2.464
Onni HU 36	Dragnót	11.237
Smári HU 7	Handfæri	214
Svalur HU 124	Handfæri	2.232
Sæunn HU 30	Handfæri	2.342
Viktor Sig HU 66	Handfæri	2.155
Viktoria HU 10	Handfæri	2.218
Viðir ÞH 210	Handfæri	2.257
<b>Alls á Skagaströnd</b>		<b>64.374</b>

SKIP/BÁTUR	VEIDARFÆRI	KG
<b>HOFSÓS</b>		
Rósborg SI 29	Handfæri	2.064
Skáley SK 32	Grásleppunet	4.493
Skotta SK 138	Handfæri	564
Venni SI 67	Handfæri	322
Þorgrímur SK 27	Grásleppunet	3.393
<b>Alls á Hofsósi</b>		<b>10.836</b>

SKIP/BÁTUR	VEIDARFÆRI	KG
<b>HVAMMSTANGI</b>		
Steini G HU 45	Grásleppunet	4.763
<b>Alls á Hvammstanga</b>		<b>4.763</b>

# Feykir

Útgefandi: Nýprent ehf., Borgarfliót 1, Sauðárkróki  
Póstfang Feykis: Borgarfliót 1, 550 Sauðárkrókur

Ritstjóri & ábyrgðarmaður:  
Páll Friðriksson, palli@feykir.is © 861 9842

Bláamenn:

Óli Arnar Brynjarsson, oli@feykir.is | Sæþór Már Hinriksson, bladamaður@feykir.is  
Sigríður Garðarsdóttir, siggag@nyprint.is | Klara Björk Stefánsdóttir, klara@nyprint.is

Profarkalestrur: Friða Eyjólfsdóttir

Auglýsingastjóri: Sigríður Garðarsdóttir, siggag@nyprint.is

Áskriftarverð: 615 kr. hvert tölublað með vsk. Lausasöluverð: 755 kr. m.vsk.

Áskrift og dreifing: Nýprent ehf. Sími 455 7171.

Umbrot og prentun: Nýprent ehf.

Óháð fréttablað á Norðurlandi vestra - alltaf á miðvilgudögum



---

Ég tryggji hjá Sjóvá

*Marthe Sþrdal*

---

# Rafbíllinn þinn er betur tryggður hjá okkur

Víðtækari kaskótrygging fyrir allar tegundir bíla

---

Sauðárkróki 440 2460 | [kristin.snorraddottir@sjova.is](mailto:kristin.snorraddottir@sjova.is)

Skagaströnd 452 2895 | [adolf@marska.is](mailto:adolf@marska.is)







**Brenderup**

## Gæðakerrur fyrir öll tækifæri - mikið úrval aukahluta

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra akstursegginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda. Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmöguleika kerrunnar.




### Sterkar iðnaðarkerrur


Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:

- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti



Innbyggð geymsluhólf



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
  - Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
  - Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 2.835 kg.



**BÍLAVERKSTÆÐI**

Hesteyri 2 | 550 Sauðárkrókur | Sími 455 4570



Eyrarrósinn 2021 á Hvammstanga

# Handbendi brúðuleikhús metið framúrskarandi

Eyrarrósinn, viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins, var afhent í sautjándan sinn sunnudaginn 16. maí, við hátíðlega athöfn á Patreksfirði. Frú Eliza Reid forsetafrú og verndari Eyrarrósarinnar veitti verðlaunin.

Handbendi brúðuleikhús á Hvammstanga hlaut viðurkenninguna að þessu sinni og er það í fyrsta sinn sem Eyrarrósinn fellur í skaut verkefnis á Norðurlandi vestra. Greta Clough, stofnandi og listrænn stjórnandi Handbendis tók á móti viðurkenningunni og verðlaunafé að upphæð kr. 2.500.000. Viðurkenningunni fylgir að auki boð um að standa að viðburði á Listahátíð 2022 og framleitt verður vandað heimildamyndband um verkefnið.

Í frétt á vef Listahátíðar kemur fram að alls bárust 36 umsóknir um Eyrarrósina og hvatningaverðlaun Eyrarrósarinnar 2021 hvaðanæva af landinu.

Handbendi er eina starfandi atvinnuleikhúsið á Norðurlandi vestra og eitt af sárafáum slíkum utan höfuðborgarsvæðisins og byggir fjölbreytt starfsemi þess á bjargfstri trú á gildi listanna fyrir dreifðari byggðir en ekki síður á gildi þess sem dreifbýlið hefur upp á að bjóða fyrir listirnar. Nýjasta skrautfjöldrin í hatt Handbendis er alþjóðleg brúðuleikhúshátíð - *Hvammstangi*



Greta Clough, stofnandi og listrænn stjórnandi Handbendis tók á móti viðurkenningunni. MYND: AÐSEND

*International Puppet Festival* - eða HIP Fest - sem fram fór í fyrsta sinn á síðasta ári og verður hér eftir árlegur viðburður í október. /ÓAB

Nýr blaðamaður á Feyki

## Sæþór Már ráðinn



Sæþór mættur á skrifstofu Feykis. MYND: PF

Sæþór Már Hinriksson hefur verið ráðinn blaðamaður á Feyki í sumarafleysingar og hóf störf sl. mánudag. Sæþór segist alltaf hafa verið opinn fyrir því að prófa nýja hluti en hann hafði aldrei prófað að starfa sem blaðamaður og fannst því vera kominn tími á það.

„Ég hef líka alltaf haft gaman af því að tala við fólk, eða að minnsta kosti gasa um ýmsa hluti og ekki skemmir fyrir að ég hef líka mikinn áhuga á fólki, allskonar fólki. Ég hef mikinn áhuga á okkar nærsamfélagi og

reyni að setja mig inn í helstu hluti og málefni sem snerta það, og hef því að taka þátt í því með Feyki að vera spegill á samfélagið,“ segir hann.

Sæþór er ættaður frá Syðstu-Grund í Akrahreppi, sonur Kolbrúnar Maríu Sæmundsdóttur og Hinriks Más Jónssonar.

Þeir sem eru með ábendingar um fréttir eða annað sem áhugavert gæti verið að fjalla um geta sent honum línu á [bladamadur@feykir.is](mailto:bladamadur@feykir.is) eða slegið á þráðinn í síma 841 7475.

/PF

# Teni RESTAURANT

*Spennandi matseðill í boði alla daga.  
Pizzur, hamborgarar, djúpsteikur fiskur og eþiópískur matur.  
Heitur heimilsmatur í hádeginu alla virka daga.*

*VERIÐ HJARTANLEGA VELKOMIN!*



Teni restaurant - Húnabraut 2 - 540 Blönduós - Sími: 452 4040 - [f](https://www.facebook.com/Teni) Teni



GRÍSK DRYKKJARJÓGÚRT

# GUÐDÓMLEGUR NÝR DRYKKUR!

FRÁ MJÓLKU



Guðdómlega Gríska drykkjarjógúrtin frá Mjólkku er handhæg, næringarrík og laktósafrí. Fæst í fjórum ferskum og spennandi bragðtegundum.





AÐSENT | Teitur Björn Einarsson skrifar

# Á forsendum byggðanna

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi fer fram dagana 16. og 19. júní næstkomandi þar sem ég gef kost á mér í 2. sæti listans.

Á þingferli mínum kjörtímabilið 2016 til 2017, og sem 1. varaþingmaður á yfirstandandi kjörtímabili, hef ég verið svo lánsamur að vinna með fjölda fólks um allt kjördæmið að góðum málum og fagnað með því ýmsum merkjum áföngum. En róðurinn hefur líka víða verið þungur. Óskir um margvíslegar úrbætur eru skiljanlegar og réttmætar.



hvernig við aukum lífsgæði og búum til meiri verðmæti þannig hægt sé að treysta afkomu fólks, fjölga atvinnutækifærum í byggðum landsins og laða til þeirra ungar fjölskyldur á ný.

Leggja verður meiri áherslu á sjálfbæra auðlindanýtingu til sjávar og sveita, nýsköpun í matvælaframleiðslu og iðnaði, aukna samkeppnishæfni með hófstiltari álögum, minni ríkisafskiptum og skilvirkara regluverki sem og kröftugri fjárfestingum í samfélagslegum innviðum.

Þetta verður að gerast á forsendum byggðanna. Þær þurfa að fá notið sérstöðu sinnar og nálægðar við uppsprettu margvíslegra tækifæra. Má þar nefna vistvænt fiskeldi, hagnýtingu grænnar orku, hreinleika landbúnaðarafurða, hágæða ferðapjónustu og framþróun í sjávarútvegi. Hér skiptir máli að lögð sé áhersla á framþróun með nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi að leiðarljósi ásamt hagfelldrar lagaumgjörðar fyrir litil fyrirtæki að vaxa og dafna.

Þessu samfara er mikilvægt að tryggja enn betur aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sér í lagi með tilliti til þarfa barnafjölskyldna og aldraðra, jafnrétti til náms

og nægilegt framboð húsnæðis svo tæpt sé á brýnum hagsmunamálum. Það er nefnilega deginum ljósara að uppbyggingu velferðarkerfisins er hvergi nærri lokið í hinum dreifðari byggðum.

## Úr viðjum miðstýringar

Kjarninn í stefnu Sjálfstæðisflokksins er og verður áfram að einstaklingurinn hafi fjárhagslegt og félagslegt frelsi til að vaxa og dafna á sínum forsendum án íþyngjandi afskipta ríkisvaldsins með sína fjarlægju, miðstýrðu og svífaseinu stjórnsýslu.

Umfangsmikil miðstýring hins opinbera er ávisun á sóun, stöðnun og óboðlega þjónustu við landsmenn. Nærtækt er að líta til hvernig ótíð og náttúruhamfarir síðustu misserin hafa dregið fram með augljósum hætti þörfina á mun betri og skjótvirkari þjónustu opinberra aðila heima í héraði nær fólki.

Einn lærdómur af heimsfaraldrinum er skýr - Margvísleg störf er í auknum mæli hægt að inna af hendi óháð staðsetningu og í því felast fjölmörg tækifæri fyrir fólk að vinna sín störf þar sem það kys að búa en ekki hvar það verður að sækja vinnu. Hin miðlæga stjórnsýsla og þjónusta í Reykjavík verður að bregðast við þeim nýja veruleika og

sveitarfélög og fyrirtæki víða um land að nýta þau sóknarfæri.

## Aflvaki breytinga

Fáu er hægt að kippa í liðinn á einni nóttu í kerfum ríkisins. En með þrautseigju finnast lausnir og með samhentun átaki næst árangur. Þennan kraft, sem þarf til breytinga, er að finna í Sjálfstæðisflokknum um allt kjördæmið og ég veit að á grundvelli sjálfstæðisstefunnar verður hægt að stíga stór skref til framfara og bæta lífskjör í okkar samfélagi.

Prófkjörið í júní markar öðrum þræði upphaf kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins og er kjörinn vettvangur fyrir sjálfstæðisfólk í Norðvesturkjördæmi til að segja sína skoðun á frambjóðendum og áherslumálum flokksins. Ég er reiðubúinn og fullur tilhlökkunar að takast á við verkefni framundan og óska eftir stuðningi sjálfstæðisfólks til þess.

*Teitur Björn Einarsson*

*Höfundur er varaþingmaður og sækist eftir 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi*

Heimsfaraldur hefur enn fremur sett strik í reikninginn og snúið öllu á hvolf í lífi okkar allra. Þótt erfiðleikar fólks, kostnaður hins opinbera og efnahagslega tjónið af völdum sóttarinnar verði aldrei að fullu fært til bókar blasir við að taka þarf hraustlega til hendinni og sækja fram nú þegar hillir undir að lokið verði við bólusetningar og samfélagslegum takmörkunum lyft samhliða.

## Uppspretta tækifæra

Kosningarnar í haust verða að snúast um

**VINNUSTAÐIR - VINAHÓPAR - SAUMAKLÚBBAR - LESHÓPAR**

**GÖNGUHÓPAR - SKÍÐAFÓLK - HLAUPAKAPPAR - HJÓLAREIÐAFÓLK**

# GIMBUR

*býður 1. flokks aðstöðu fyrir hverslags hópa í lengri eða styttri tíma nyrst á Tröllaskaga*



[www.gimburguesthouse.is](http://www.gimburguesthouse.is)



[www.reykjarholl.is](http://www.reykjarholl.is)



# Vegurinn að baki – vegurinn framundan

## Stórátaks er þörf í tengivegamálum

„Hver vegur að heiman er vegurinn heim“ segir máltækið en þó kemur hann lítt að gagni til og frá nema hann sé þokkalega fær. Um vegamál var allmikið rætt á Norðurlandi vestra fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar og ekki að tilefnislausu enda er á svæðinu hæsta hlutfall landsins af tengivegum á mól. Undirritaður vildi frá byrjun kjörtímabils beita þekkingu sinni, reynslu og tengslum til þess að þoka málum áfram fyrir héraðið og síðar svæðið í heild sinni.



að flýta verkinu og fer það væntanlega í útboð á næstu dögum. Hins vegar var um að ræða uppbyggingu Vatnsnesvegur, sem lengi hefur verið baráttumál sveitarstjórnar Húnaþings vestra og íbúa í kringum Vatnsnes. Að öðru leyti setti hvert sveitarfélag fyrir sig fram sínar áherslur varðandi forgangsröð vegaframkvæmda. Þegar samgönguráðherra lagði fram endurskoðaða samgönguáætlun á Alþingi haustið 2019 var Vatnsnesvegurinn kominn á áætlun, reyndar undir þeim formerkjum að mikill minnihluti fjármagns-

ins átti að koma á öðru tímabili áætlunarinnar en aukinn meirihluti fjármagnsins á þriðja tímabili. Samþykkti samgöngunefnd Alþingis og síðar meirihluti þingsins þessa tillögu ráðherra að endurskoðaðri áætlun. Engum blöðum er um það að fletta að stóru skrefin í þessari baráttu, þ.e. að yta Skagastrandarvegi/Þverárfjallsvegi fram og koma Vatnsnesvegi inn á áætlun má öðrum þræði þakka slagkraftinum sem kom í kjölfar þess að Skagastrandarvegur/Þverárfjallsvegur og Vatnsnesvegur voru samþykktir sem sérstök forgangsverkefni í samgöngu- og innviðaaætlun SSNV.

Síðan Vatnsnesvegur komst inn á samgönguáætlun hefur undirritaður talað fyrir tvennu innan sveitarstjórnar Húnaþings vestra, á þingum SSNV, á þingmannafundum og fundum með embættismönnum Vegagerðar ríkisins. Annars vegar að fá Vatnsnesveginn færðan fram í samgönguáætlun og hins vegar að fá fjármagn úr tengivegapotti í millitíðinni til að byggja upp stutta kafla á hverju ári og nýta þannig tímann til að vinna í haginn þegar kemur að aðalframkvæmdinni. Þessi þrýstingur og samstaða sveitarstjórnar hefur skilað því að á þessu ári verður farið í byggingu nýrrar brúar yfir Vesturhóphólaá í Vesturhópi og um leið uppbyggingu á veginum frá Þorfinnsstöðum og út fyrir nefnda á eða tæplega þriggja km kafla. Á næsta ári verður síðan farið í uppbyggingu fimm km kafla á Vatnsnesvegi að vestanverðu frá Kárastöðum og út fyrir Ánastaði.

„Stórfé! Hér dugur ei minna“ Einar Benediktsson skáld sagði í ljóði sínu Aldamót, sem hann gaf út fyrir aldamótin 1900, að þörf væri á stórfé til að byggja upp landið um og eftir þau aldamót. Þessi barátta fyrir bættum samgöngum á Norðurlandi vestra um svokallaða tengivegi hefur leitt í ljós að

hér dugur ei minna en stórfé og stórátak. Slíkt átak myndi væntanlega standa næsta áratuginn og án efa hafa jákvæð og góð áhrif bæði á daglega vegferð og velferð fólks vítt og breitt um héröð.

Undirritaður vill setja fram tillögu þess efnis að þeim tengivegapotti, sem Vegagerð ríkisins hefur nú úr að móða og settar eru í tæplega einn milljarður króna árlega, verði skipt í tvennt, þ.e. tengivegapott I og tengivegapott II. Tengivegapottur I myndi standa undir uppbyggingu tengivega, sem auk innansveitarumferðar og skólaaksturs inniheldi allnokkra ferðamannaumferð og þaðan af meira. Þennan pott þyrfti að tvöfalda með fjárframlögum, samtals tveimur milljörðum króna árlega. Vegir sem fjármagnaðir væru úr þessum potti þyrfti að byggja vel upp í tvöfaldr breidd og leggja bundnu slitlagi. Tengivegapottur II stæði síðan undir uppbyggingu á tengivegum, sem auk innansveitarumferðar og skólaaksturs inniheldi nokkra ferðamannaumferð eða þaðan af minna. Þennan pott þyrfti að fjármagna með einum

milljarði króna árlega. Vegir, sem fjármagnaðir væru úr þessum potti, þyrftu að lagfæra eftir atvikum og yrðu síðan lagðir bundnu slitlagi í einni og hálfri breidd. Sumir þessara vega þarfnast í raun ekki mikilla lagfæringa til að hægt sé að leggja á þá.

Í ofangreindri tillögu er öðrum þræði verið að koma með nýja nálgun á það stórverkefni, sem uppbygging tengivega vissulega er, og flestir ef ekki allir eru sammála um að gangi fremur hægt fram. Í þessu efni er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hér væri um tímabundið stórátak að ræða og einnig hitt að draga mundi hratt úr fjárþörf til viðhalds sömu vega s.s. ofaniburði, bleytingu, söltun og heflun. Það hefur sannarlega sitt að segja þegar allt kemur alls og verkefnið er gert upp að lokum.

Magnús Magnússon,

sveitarstjórnarfulltrúi og byggðarráðsmaður Húnaþings vestra, nefndarmaður í samgöngu- og innviðanefnd SSNV og frambjóðandi í 3.-4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

Leikfélag Sauðárkróks er á Facebook og Instagram

SÖKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

Skagafjörður

leiklist.is

LEIKFÉLAG SAUÐÁRKRÓKS SÝMR Í ÞÍFRÖST

# Á FRÍVAKTINI

HÖFUNDIR & LEIKSTJÓRI PÉTUR GUÐJÓNSSON

2. SÝNING fimmtudaginn 20. maí kl. 20:00

3. SÝNING föstudaginn 21. maí kl. 20:00

4. SÝNING sunnudaginn 23. maí kl. 16:00

5. SÝNING sunnudaginn 23. maí kl. 20:00

6. SÝNING mánudaginn 24. maí kl. 16:00

7. SÝNING mánudaginn 24. maí kl. 20:00

8. SÝNING miðvikudaginn 26. maí kl. 20:00

9. LOKASÝNING þriðjudaginn 1. júní kl. 20:00

**Miðapantanir í síma 849 9434**

Almennt miðaverð kr. 3500 | Hópar, eldri borgarar, öryrkjar og grunn- og leikskólabörm kr. 3000

Húsið opnar 30 mínútur fyrir sýningu – mætum tímanlega

Gefa þarf upp nafn og kennitölu allra við pöntun vegna sóttvarmireglana

Starfsmannafélag HSN og KS bjóða sínu fólki á sýningu – takið fram við pöntun

**Gætum að sóttvörnum** – Grímuskylða er á sýningum

Saga um sjómennsku, smábæjarlífið, síldarárin, réttindabaráttu og ástina

Facebook icon

– LEIKRIT MÆÐ ÞEKKTUM SJÓMANNALÖGUM –

Instagram icon



Knattspyrna | Tindastóll – ÍBV 2-1

# Fyrsti sigur Stólastúlkna í Pepsi Max deildinni

Hversu gaman ætli það sé að vinna leik í Pepsi Max deildinni? Það er örugglega eitthvað sem Stólastúlkur hafa verið búnar að láta sig dreyma um lengi og á laugardaginn – í öðrum leik Tindastóls í Pepsi Max – rættist draumurinn. Það voru Blikabarnarnir í liði ÍBV sem mættu á Krókinn og efalaust voru Eyjastúlkur fullar af sjálfstrausti eftir sigurinn á Íslandsmeisturum Breiðabliks í síðustu umferð. En þær komust lítt áleiðis gegn heilsteypu og einbeittu Tindastólsliði. Lokatölur 2-1 fyrir Tindastól og sigurinn var sanngjarn.

Það var norðangola, sól en hitastigin spöruð á Sauðárkróksvelli en ágætar aðstæður til að spila fótbolta. Jafnræði var með liðunum framan af en vörn Tindastóls gaf engin færi á sér. Fyrsta markið kom eftir hálf tíma leik en það gerði María Dögg eftir að Murr sendi boltann á hana eftir aukaspyrnu frá Jackie. Staðan var 1-0 í hálfleik og heimastúlkur komu gríðarlega einbeittar til leiks í þeim síðari með Murr í miklum stuði. Varnarmenn ÍBV réðu lítið við styrk hennar og hraða og hún óð inn á teig gestanna á 51. mínútu, náði bylmingskoti á



Stólastúlkur fagna fyrra marki sínu í leiknum sem María Dögg gerði. MYND: ÓAB

markið sem Auður í marki ÍBV hálfvarði en boltinn barst á Hugrónu sem gat ekki annað en skorað fyrir opnu marki. Næstu mínútur voru eign Stólastúlkna en síðustu 20 mínútur leiksins færðu þær sig aftar á völinn og gekk verr að finna samherja í fætur þegar boltinn vannst. Clara Sigurðardóttir minnkaði muninn á 79. mínútu með laglegu marki sem virtist þó með heppnisstimpilinn á sér. Eftir þetta reyndu gestirnir hvað þeir gátu til að jafna en gekk sem fyrr afleitlega að skapa sér færi.

Lið Tindastóls átti góðan leik og stelpurnar gáfu allt í leikinn. Þetta var liðsheild. Vörninn var, líkt og í fyrsta leiknum gegn Þrótti, hreint frábær og nú gekk liðinu betur að halda í boltann og koma honum í fætur en ekki

bara fram. Bryndís og Krístrún hafa verið frábærar og Laufey og María Dögg voru með sína andstæðinga í rassvasanum. Á bak við þær var Amber öryggið uppmálað, hugröck og yfirvegud. Bergljót var gríðarlega dugleg fyrir framan vörnina. Jackie virðist vera að hrista af sér vor-meislin en hún og Dom halda boltanum vel. Aldís var lífleg og Hugrún er bara fantagóð. Murr var frábær í dag og allar hættulegustu sóknir Stólastúlkna komu í gegnum hennar vinnu. Guðrún Jenný, Sýlvía, Hallgerður og Krista Sól komu inn á þegar þreyta fór að segja til sín og stóðu sig vel.

Gestirnir náðu sér ekki á strik og kannski vegna þess að það var ekkert gefins - lið Tindastóls einfallega betra. /ÓAB

Dominos-deildin | Keflavík – Tindastóll 79-71

## Slátrun aflýst?

Tindastólmenn hófu leik í úrslitakeppni Dominos-deildarinnar á laugardag en þá brunuðu þeir í Slátruhúsið í Keflavík og mættu hinu ógnarsterka liði heimamanna. Eitthvað hökt var á slátrulínunni, gestaskrokkarnir gáfu sig ekki jafn auðveldlega og vanalega og slátrun dróst á langinn. Já, Stólarnir komu semsagt baráttuglaðir til leiks og heimamenn mörðu sigur rétt áður en vaktinni lauk. Lokatölur 79-71.

Lið Keflavíkur sigraði í deildarkeppninni af miklu öryggi í vetur en Tindastóll marði áttunda sætið eftir taktlaust tímabil. Flestir reiknuðu því með auðveldum sigri heimamanna og ekki bætti úr skák að Stólarnir mættu til leiks örlítið vængbrotnir en Antanas Udras varð að sitja heima í sóttkví.

1. deild kvenna | Úrslitakeppnin

## Stólastúlkur í körfufri

Stólastúlkur mættu ÍR í átta liða úrslitum 1. deildar kvenna. Það var ljóst að á brattann yrði að sækja í þessu einvígi og það kom á daginn, lið Breiðhýltinga reynslumikið og sterkt.

Fyrsti leikurinn var í TM Hellinum fyrir sunnan og voru heimastúlkur sterkari í fyrri hálfleik og leiddu með 18 stigum í hálfleik en Stólastúlkur bitu betur frá sér í síðari hálfleik og náðu að klóra

Jafnt var á flestum tölum í fyrsta leikhlutu og leikurinn fjögurur. Heimamenn höfðu lengstum yfirhöndina en Stólarnir voru á hælum þeirra allt fram á síðustu mínútur leiksins.

Tindastólmenn gátu gengið hnarreistir úr Slátruhúsinu að þessu sinni, sýndu karakter og góða baráttu allt til enda. Whitfield endaði með 23 stig í leiknum og tók 14 fráköst, Brodnik var með 14 stig, Pétur 13 og Axel átta. Tomsick náði sér engan veginn á strik og skilaði fimm vítum niður en annað skoppaði af hringnum. Í liði Keflavíkur var Milka bestur með 33 stig en alls skoruðu fimm leikmenn Keflavíkur í leiknum.

Annar leikur liðanna fór fram í Síkinu í gærkvöldi en þá var Feykir farinn í prent. /ÓAB

örlítið í bakkann. Lokatölur 80-66.

Liðin mættust öðru sinni í Síkinu sl. sunnudag. Vinna þurfti tvo leiki til að komast áfram í fjögurra liða úrslit og það gerðu ÍR-ingar. Sterkur kaflur þeirra skömmu fyrir hálfleik og meidlsli Evu Wium urðu til þess að lið Tindastóls átti ekki séns í síðari hálfleik. Lokatölur 39-68 og Stólastúlkur því loks komnar í sumarfrí eftir strembinn kóf-vetur. /ÓAB

Badmintondeild Tindastóls

## Tveir Íslandsmeistararitlar í hús

Íslandsmeistaramót unglinga í badminton fór fram á Akranesi um helgina þar sem 168 keppendur frá níu félögum öttu kappi í einliðaleik, tvíliðaleik og tvenndarleik í U11-U19. Í fyrsta sinn sendi badmintondeild Tindastóls keppendur á mótið, systurnar Júlía Marín, sem spilar í U11 og Emmu Katrínu í U13 og náðu þær frábærum árangri.

Á Facebook-síðu deildarinnar segir að um útsláttarkeppni hafi verið að ræða og spilað samkvæmt reglum Alþjóðbadminton sambandsins. Þær Júlía og Emma komust báðar í úrslit í öllum greinum og fór svo að þær systur urðu báðar Íslandsmeistarar í tvíliðaleik í sínum flokkum og þar með fyrstu tveir Íslands-



Júlía Marín og Emma Katrín. MYND: ???

meistararitlar til Tindastóls í þessari vinsælu íþrótt.

Júlía Marín og Emma Katrín eru Helgadætur en faðir þeirra, Helgi Jóhannesson, er landsliðsþjálfari í badminton

og aðalhvatamaður að stofnun badmintondeildar Tindastóls. Móðir stúlkunnanna er Króksarinn Freyja Rut Emilsdóttir. /PF

3. og 4. deild karla í knattspyrnu

## Tveir tapleikir

Lið Tindastóls og Kormáks Hvatar hafa nú spilað fyrstu leiki sína í sumar og bæði lið máttu sætta sig við 3-2 töp.

Tindastóll - H/H 2-3

Á uppstigningardag tók lið Tindastóls á móti Austfirðingum í sameinuðu liði Hattar og Hugins í 3. deildinni. Tvívegis náðu Stólarnir forystu í fyrri hálfleik, fyrst skoraði Pape og síðan Halldór Broddi og leiddu Stólarnir 2-1 í hálfleik. Gestirnir voru hins vegar sprækari í síðari hálfleik og voru snöggir að jafna metin. Halldór Broddi fékk

síðan að sjá rautt eftir um klukkutíma leik og lið Hattar Hugins gerði sigurmark leiksins þegar um tíu mínútur voru eftir af leiknum. Lokatölur því 2-3.

Léttir - Kormákur Hvöt 3-2

Húnvetningar lentu undir snemma leiks gegn liði Léttis í D-riðli 4. deildar um helgina. Léttir bætti við öðru marki áður en Akil Di Freitas lagaði stöðuna. Í síðari hálfleik bættu heimamenn við marki áður en Bouna Dieye lagaði stöðuna stundarfjórðungi fyrir leikslök. Þar við sat. /ÓAB



**NÝJUNG**  
72 KLST. RAKI

**NIVEA**

# VIRKJAÐU INNRI GETU HÚÐARINNAR

**3X  
MEIRA**



**NIVEA HYDRA SKIN EFFECT**  
inniheldur hreint hýalúron  
sem virkjar 3x meira af  
eigin hýalúroni húðarinnar.  
Gefur mikinn raka í 72 klst.  
og húðinni meiri fyllingu.



Íbúar Austur-Húnavatnssýslu kjósa um sameiningu fjögurra sveitarfélaga

# „Sterkari rödd út á við til eflingar svæðisins“

Sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar skipuðu samstarfsnefnd til að kanna hvaða áhrif sameining sveitarfélaganna myndi hafa á rekstur og þjónustu sveitarfélaganna og hlaut verkefnið nafnið „Húnavetningur“ en allar upplýsingar um verkefnið er hægt að nálgast á samnefndri heimasíðu þess. Í samstarfsnefnd sitja tveir fulltrúar hverrar sveitarstjórnar, auk framkvæmdastjóra sveitarfélaganna og er formaður verkefnishópsins Jón Gíslason, oddviti sveitarstjórnar Húnavatnshrepps.



Jón Gíslason formaður sameiningarnefndar A-Hún. MYND AÐSEND

**VIÐTAL**  
Páll Friðriksson

Samstarfsnefndin hefur leitað svara við ýmsum spurningum varðandi áhrif mögulegrar sameiningar á fjármál, rekstur, stjórnábyrgð og þjónustu við íbúa svæðisins til að meta hvort hag íbúanna sé betur borgið í sameinuðu sveitarfélagi en í núverandi skipulagi. Kosid verður um sameiningu sveitarfélaganna þann 5. júní nk.

„Þetta er búin að vera löng vegferð sem hófst á árinu 2017 með skipan samstarfsnefndar sem starfaði fram að kosningum 2018 og var þá endurskipuð í byrjun nýs kjörtímabils. Í upphafi komu til starfa við þessa vinnu ráðgjafafyrirtækið Ráðrík en í upphafi árs 2020 var svo ákveðið að skipta um ráðgjafa og RR ráðgjöf ráðin til starfa. Um svipað leyti tók ég við formennsku nefndarinnar af Þorleifi Ingvarssyni, fyrrverandi oddviti Húnavatnshrepps. Það má því segja að tvöfalt gengi hafi komið að þessum sameiningarmálun frá því þær hófust,“ segir Jón og bætir við að þessi vinna hafi því tekið hátt í fjögur ár sem verði að teljast talsvert langur tími. Hann segir ýmsar ástæður liggja þar að baki en það sé þó ljóst að ekki hafi náðst upp kraftur eða stemning í þessar viðræður fyrr en RR ráðgjöf fór að leiða þá vinnu en síðan hefur heimsfaraldur Covid-19 tafið vinnuna og þennan feril verulega.

„Á vordögum 2020 var

ákveðið að leita eftir því við sveitarfélögin í Vestur-Húnavatnssýslu og Skagafirði hvort vilji væri fyrir þátttöku í viðræðunum með það að markmiði að sameina allt Norðurland vestra eða stóran hluta þess í eitt sveitarfélag en fyrir því var enginn áhugi,“ segir Jón.

## Sterkari rödd út á við

Hvaða mál það voru sem erfiðast þótti að ná samstöðu um í þessari vinnu segir Jón hafa verið þau er varði staðsetningu og fyrirkomulag stjórnábyrgð og

ad taka lokaákvörðun um að færa vinnuna úr könnunarviðræðum í formlegan sameiningarferil sem endaði með ákvörðun um kosningar þann 5. júní næstkomandi en sú ákvörðun var tekin af öllum sveitarstjórnnum sveitarfélaganna í október síðastliðnum. „Einnig trufluðu hugmyndir stjórnvalda um hvort lögfesta ætti lágmarksbúafjölda í sveitarfélögum eða ekki verulega í þessari vinnu. Sú barátta sem unnin hefur verið í samstarfsnefndinni, um að fá stjórnvöld

ad borðinu með einhverja innspýtingu í nýtt sveitarfélag í atvinnu og samgöngumálum, hefur verið mjög erfið og lítinn árangur borið enn sem komið er. Sú vinna er enn í fullum gangi og skilar vonandi einhverju að lokum, sem er mjög mikilvægt til að hægt sé að sýna fram á að sameinað sveitarfélag sé öflugra gagnvart hinu opinbera en sitt í hvoru lagi.“

Aðspurður hver helstu málin hafi verið sem allir eru sammála um er að við sameiningu yrði stjórnábyrgð skilvirkari gagnvart þeim verkefnum sem nú eru unnin í byggðasamlögum og möguleikar sköpuðust til mun meiri sérhæfingar og faglegri vinnu í stjórnábyrgðunni.

„Einnig eru allir sammála um að sameinað sveitarfélag sé með sterkari rödd út á við til eflingar svæðisins í heild, að minnsta kosti til lengri tíma lítið. Sameining grunnskólanna á Húnavöllum og á Blönduósi hefur verið talin eðlilegt skref ef af sameiningu verður og þar með nauðsyn þess að nýta Húnavallasvæðið og þær miklu og góðu fasteignir sem þar eru undir nýja og öflugra starfsemi sem skapað gæti sem allra flest atvinnutækifæri og ný tækifæri í sameinuðu sveitarfélagi. Af því tilefni hefur starfshópur á vegum samstarfsnefndarinnar verið að störfum og útkoman er að vinna að því að Umhverfisakademía verði staðsett á Húnavöllum sem yrði í formi einhvers konar lýðskóla í umhverfisfræðum í samstarfi við hótélrekstur sem nú þegar starfar á ársgrundvelli á

staðnum. Þetta kemur til meðal annars vegna þess að samstarfsnefndin hefur verið sammála um að stefna að því að nýtt sveitarfélag í A-Hún. verði umhverfisvænasta sveitarfélag landsins.“

## Ertu bjartsýnn á að sameiningartillagan verði samþykkt?

„Ég leyfi mér ekkert annað en að vera bjartsýnn á að þetta gangi en það sér ekki enn til lands í kynningarmálunum vegna Covid faraldursins en við höfum hrakist nær og nær kjördegi með aðal kynningarfundina sem vonandi komast á í þéttbýliskjörnum í þessari viku og um mánaðamótin í dreifbýlissveitarfélögum. Það skiptir mjög miklu máli að íbúar geti tekið upplýsta ákvörðun á kjördag,“ segir Jón sem trúir því að við sameiningu geti myndast slagkraftur og samstaða til sóknar á ýmsum sviðum í Austur-Húnavatnssýslu sem hann segir sannarlega ekki veita af. „Við höfum einfaldlega ekki efni á því að láta ekki á það reyna.“

**En hvað gæti formanni sameiningarnefndar hugnast að nýtt sveitarfélag myndi heita ef kosningar færu svo?** „Nýtt sveitarfélag, sem nær yfir alla Austur-Húnavatnssýslu, á að sjálfsgöðu að heita „Húnabyggð“. Ég er búinn að syngja þjóðsöng okkar Austur-Húnavetninga með Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, *Húnabyggð*, lag Guðmanns Hjálmarssonar við texta Páls Kolka, nógu oft til að átta mig á því.“

## Lokamót Meistaradeildar KS í hestaiþróttum

# Lið Íbishóls sigraði í liðakeppninni

Lokamót meistaradeildar KS fór fram föstudagskvöldið 7. maí síðastliðið í reiðhöllinni á Sauðárkróki, en keppt var að þessu sinni tölti og flugskeiði. Í töltkeppninni var það Bjarni Jónasson sem stóð uppi sem sigurvegari, en í skeiðinu fór Jóhann Magnússon hraðastur allra. Mette Manseth stóð uppi sem einstaklings sigurvegari heildarkeppinnar og lið Íbishóls sigraði í liðakeppninni.

Bjarni Jónasson var efstur eftir forkeppni á Kötlu frá Ytra-Vallholti og hélt þeirri forystu áfram í úrslitum og endaði sem töltsigurvegari með einkunnina 8,11. Í öðru sæti varð Mette

Manseth og List frá Þúfum með 7,94 og í því þriðja Þórarinn Eymundsson og Þrá frá Prestbæ með 7,78. Það voru síðan liðsfélagarnir í Íbishólsliðinu, Magnús Bragi Magnússon liðstjóri og Sigursteinn Sumarliðason sem enduðu í fjórða og fimmta sæti, Magnús í því fjórða á Óskadís frá Steinnesi með 7,72 og Sigursteinn í því fimmta á Skrámu frá Skjálmg með 7,67. Það er skemmtilegt að vekja athygli á því að það voru einungis merar í braut í A-úrslitunum.

### A-ÚRSLIT

1. Bjarni Jónasson & Katla frá Ytra-Vallholti 8,11 / STORM RIDER



Lið Íbishóls að sigri Loknum. Freyja, Guðmar, Magnús og Sigursteinn. MYND AÐSEND

2. Mette Manseth & List frá Þúfum 7,94 / ÞÚFUR
3. Þórarinn Eymundsson & Þrá frá Prestsbæ 7,78 / HRÍMNIR

Það var lið Íbishóls sem sigraði liðakeppnina með 292,2 stig. Liðstjóri þess liðs var Íbishólsbóndinn Magnús Bragi Magnússon og með honum í liði voru Guðmar Freyr Magnússon, Védís Huld Sigurðardóttir, Freyja Amble Gísladóttir og

Sigursteinn Sumarliðason. Lið Hrímnis endaði í öðru sæti með 281,2 stig og lið Þúfna endaði í því þriðja með 260 stig.

### Niðurstaða í liðakeppni:

1. Íbishóll 292,2 stig
2. Hrímnir 281,2 stig
3. Þúfur 260 stig
4. Storm Rider 257,7 stig
5. Leiknisliðið 205 stig
- 6-7. Equinics 191 stig
- 6-7. Hofstorfán 191 stig
8. Uppsteypa 185 stig





## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Ráðgjafi Farskólans býður upp á náms- og starfsráðgjöf, gerð ferilskrár og áhugasviðsgreiningu. Ráðgjöfin er í boði rafrænt næstu tvær þrjár vikurnar vegna Covid – 19. Ráðgjöfin er ókeypis.

## EDUCATION AND CAREER COUNSELLING

Our study and career counsellor offers various study and career services. Services available include, one-on-one interviews, help with CV writing and validation of previous studies. This service is free and will be offered online in the coming weeks due to Covid.

Nánari upplýsingar hjá:  
sandra@farskolinn.is  
Sími/Tel.: 455 -6160

Sími 455 6010 www.farskolinn.is

EINS MANNS RUSL ER ANNARS FJÁRSJÓÐUR | siggag@nyprent.is  
Búminjasafnið Lindabæ í Sæmundarhlíð

## Zetorinn hans Sigmars



Sigmar á Zetorum nýppgerðum. MYNDIR AÐSENDAR

Það þekkingu eflaust margir til hans Sigmars Jóhannssonar í Lindabæ í Skagafirði en hann hefur haft mikinn áhuga á dráttarvélum og búminjum um langa tíð og var hans fyrsta vél Farmal Cub dráttarvél sem fylgdi bæði sláttuvél og plógur.

Í framhaldi af því fór hann að safna og varðveita fleiri vélar sem endaði, eins og margir vita, á því að hann stofnaði Búminjasafnið Lindabæ þann 28. júní 2015. Það hefur að geyma margar uppgerðar vélar sem má segja að hafi verið eins manns rusl en er í dag annars manns fjársjóður. Hér fáum við að lesa um Zetor 3511 og við hvetjum alla, sem hafa áhuga á traktorum og öllu því tengdu, að kíkja á Búminjasafnið Lindabæ. Opnunartíminn í sumar verður alla daga frá 1. júní til 20. ágúst frá kl. 13-17.

Jón Guðmundur Guðmundsson á Hofi í Hjaltadal fékk þessa vél, Zetor 3511, nýja snemma vetrar 1971. Innflytjandi var Ístékk hf. Hún var með Sekura klæðningu á öryggisgrind enda keyrði Jón vélina alla leið úr Reykjavík og norður í Skagafjörð í snjó og misjöfnu veðri, hann mun hafa gist í Borgarfirðinum. Eftir lát Jóns eignaðist Hörður, sonur hans, vélina. Hann seldi hana seinna Leó Leóssyni, bónda á Laufskálum í Hjaltadal, og Sigmar fékk vélina hjá honum.

Jón S. Jónsson í Ásgarði á Dalvík kom á safnið í Lindabæ sumarið 2017,



Óuppgerður Zetor af sömu gerð.


hann var þá svo hrifinn af því hvað hún var heilleg að hann kom og sótti hana í janúarbyrjun 2018 og hóf að gera hana upp. Skipt var um allt í bremsum og ýmislegt fleira, þá lét hann sprauta búkinn á henni og kom boddíhlutum og felgum í sandblástur á Akureyri en Múlatindur á Ólafsfirði sá um sprautun. Það var svo í júlí 2018 sem Jón kom með vélina til baka en þá var hann að flytja til Vopnafjarðar. Þá var búið að sprauta búkinn og felgurnar og setja ný dekk undir hana. Það var svo Sigurður Baldursson í Varmahlíð sem hjálpaði Sigmari að klára verkið sem lauk í nóvember 2018.



Zetorinn í túninu.



Búminjasafnið Lindabæ er í Sæmundarhlíð í Skagafirði.



# CINTAMANI

## DROPS Design®



WYS WEST YORKSHIRE SPINNERS LTD

WYS



Og margt fleira.....

Opnunartími:

mánudaga til föstudaga: 16-18,  
laugardaga: 13-15 og sunnudaga: LOKAÐ



Verzlunin Kitt og þetta Vötnin veiðibúð

Aðalgata 8 - 540 Blönduós - Sími: 860 7077





**Húnavetningur**  
Sameiningarviðræður í A-Hún



# KOSNING UM SAMEININGU Í AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU

## KJÖRDAGUR 5. JÚNÍ 2021

Kosið verður um sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar laugardaginn 5. júní 2021. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin og hægt er að kjósa hjá sýslumönnum um land allt.

### Um bæklinginn

Þessi bæklingur er byggður á skýrslu samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna, sem var byggð á niðurstöðum starfshópa og íbúafunda. Á vefsíðunni [hunvetningur.is](http://hunvetningur.is) má finna skýrsluna og ítarefni og senda spurningar eða ábendingar til samstarfsnefndar.

HVERNIG  
LÍST PÉR  
Á?

FRAMTÍÐIN  
ER YKKAR, HÚNAR



SAMEINUD VERÐUM  
VIÐ MARGFALT  
STERKARI

MÉR LÍST DJÖFUL-  
LEGA Á ÞETTA

ÞVÍ FYRR,  
ÞVÍ BETRA!

ÉG ER EKKI  
Á MÓTI NEINU

### Markmiðið með sameiningunni

Meginmarkmið með mögulegri sameiningu er að búa til sterkara sveitarfélag sem skapar tækifæri til bættrar þjónustu og öflugri stjórnsýslu ásamt auknum krafti í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum. Með sameiningunni fæst aukinn slagkraftur og ákveðnari rödd gagnvart stjórnvöldum.





## ATVINNUMÁL OG BYGGÐAÞRÓUN

- Svæðið hefur átt undir högg að sækja undanfarna áratugi og brýnt er að setja kraft í atvinnuþróun og byggðaaðgerðir, hvort sem af sameiningu verður eða ekki.



- Áskoranir snúa meðal annars að íbúðaðróun og fjölgun starfa og atvinnutækifæra. Breytinga er þörf í landbúnaði og matvælaframleiðslu, sjávarútvegi og í verslun og þjónustu.



- Framtíðarsýn Húnavetninga er að áfram verði byggt á styrkum stoðum atvinnulífs á svæðinu, þ.e. landbúnaði, þjónustu, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Aðstæður til búskapar, framleiðslu landbúnaðarafurða og skógræktar eru góðar og miklir möguleikar í aukinni fullvinnslu afurða. Öflug atvinnuþróun og samgöngubætur eru grunnur þess að framtíðarsýnin nái fram að ganga.

ALLSKONAR Í BODI  
ÚR HAFI OG HAGA!

- Áhersluatriði í samskiptum við Alþingi og ríkisstjórn eru:

- *Stuðningur við stofnun Umhverfisakademíu á Húnavöllum.*
- *Átak í viðhaldi og uppbyggingu héraðs- og tengivega með það fyrir augum að tryggja greiðar samgöngur innan nýs sveitarfélags.*
- *Að byggja upp segla í ferðaþjónustu, sem er vaxandi atvinnugrein. Öll grunnþjónusta er til staðar en stefnumörkun þarf að vera skýrari og aðgerðir markvissari.*
- *Að tryggja að sú mikla raforka sem framleidd er á svæðinu nýtist til atvinnuuppbyggingar.*
- *Að fjölga opinberum störfum á vegum Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi og Greiðslustofu Vinnuálastofnunar á Skagaströnd.*

- Möguleikar eru á nýtingu orku í landbúnaðarframleiðslu, t.d. með grænmetisrækt í gróðurhúsum og þá eru aðstæður til eldis bleikju- eða laxaseiða á landi til staðar.



## FRÆDSL- OG FÉLAGSÞJÓNUSTA

- Með Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavatnssýslu eiga sveitarfélögin í samstarfi um sérfræðiþjónustu í skóla og félagsþjónustu. Þau eru öll aðilar að þjónustusvæði Norðurlands vestra í þjónustu við fólk með fötlun.

- Helstu framtíðaráskoranir eru að skapa tækifæri fyrir fagmenntað starfsfólk og auka þjónustu við börn, ungmenni og eldri borgara. Alþingi hefur boðað miklar breytingar á þjónustu við börn og ungmenni og þjónusta við eldri borgara fer vaxandi.

- Með aukinni samvinnu verður hægt að koma á skýrri menntastefnu fyrir allar skólastofnanir sveitarfélaganna. Þannig skapast tækifæri til að auka og bæta þjónustu og vinna markvisst að framþróun menntastofnana. Mikilvægt er að skólastofnanir bjóði upp á fjölbreytt nám fyrir alla nemendur og við þeirra hæfi.



- Efla þarf þjónustu við aldraða með þjónustuíbúðum og bæta aðgengi íbúa í Hnitbjörgum og Ægisgrund. Þá er stefnt að dagvistun fyrir aldraða í samvinnu við HSN á Blönduósi.

- Ef af sameiningu verður er lagt til að Blönduskóli og Húnavallaskóli sameinist haustið 2022. Kennt yrði á tveimur stöðum með nær óbreyttu fyrirkomulagi fyrst um sinn en starfsemin sameinuð á einum kennslustað eigi síðar en haustið 2024.

- Skipulag sameinaðs skóla þarf að taka mið af þörfum nemenda úr dreifbýli og þéttbýli.

## MENNING, FRÍSTUNDIR OG LÝÐHEILSA

- Stefnumótun og uppbygging aðstöðu og þjónustu í menningar-, frístunda- og lýðheilsustarfi er áskorun fyrir allt svæðið.

- Mikilvægt er að halda úti virku menningar-, íþrótt- og tómstundastarfi fyrir alla aldurs hópa. Markmiðið er að skapa umhverfi sem fjölskyldum og börnum líður vel í og að þau vilji koma aftur í þegar menntun lýkur.

- Gert er ráð fyrir að komið yrði á fót frístundaheimilum fyrir nemendur á Blönduósi og Skagaströnd og samræma skólalag þannig að börn úr dreifbýli fái aukin tækifæri til þess að stunda íþróttir og tómstundir.

- Frístundaakstur er áætlaður fyrir ungmenni og eldri borgara, sem tryggir öflugra félagsstarf. Þá þarf að efla félagslíf framhaldsskólanema.

- Ef af sameiningu verður þarf að tryggja að menningararfleifið sveitarfélaganna glatist ekki.



## UMHVERFISAKADMÍA

- Framtíðarsýn Húnavetninga er að Austur-Húnavatnssýsla verði **umhverfisvænasta samfélag landsins**. Stofnun Umhverfisakademíu og markviss stefnumótun eru meðal fyrstu aðgerða í þá átt. Sú sýn er í samræmi við stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024. Stuðningur stjórnvalda við stofnun Umhverfisakademíu, atvinnuþróun og samgöngubætur eru forsenda þess að framtíðarsýnin nái fram að ganga.

## SAMGÖNGUR OG INNVIÐIR


- Stóraukið viðhald héraðs- og tengivega og markviss uppbygging þeirra eru meðal forgangsverkefna SSVN í samgöngumálum. Ástand héraðs- og tengivega stendur uppbyggingu fyrir þrifum og skerðir lífsgæði íbúa.

- Eitt forgangsverkefna Húnavetninga er að berjast fyrir uppbyggingu og bundnu slitlagi á eftirfarandi vegum:

- Skagavegur um Skaga um 12 km.
- Þingeyrarvegur um 6 km.
- Svínvetningabraut um 27 km.



# TILLAGA AÐ SKIPURITI



## STJÓRNSKIPULAG

- Sveitarfélögin fjögur eru í umfangsmiklu samstarfi sín á milli og við önnur sveitarfélög á Norðurlandi. Þau eru aðilar að 15 samstarfsverkefnum og í þeim sitja 27 fulltrúar. Með samstarfi auka sveitarfélögin bolmagn sitt og möguleika til að veita íbúum þjónustu. Í samstarfsverkefnum fer fram ákveðið framsal á ákvarðanatökuvaldi til stjórnar byggðasamlags. Það eykur flækjustigi á ákvarðanatöku, dregur úr skilvirkni og yfirsýn á fjármál sveitarfélaganna.
- Á vegum sveitarfélaganna eru starfandi 30 nefndir, ráð og stjórnir og í þeim sitja 104 fulltrúar. Þá tilnefna sveitarfélögin 14 fulltrúa á vettvang Sambands íslenskra sveitarfélaga, SSNV og EBÍ. Ef til sameiningar kemur verða fulltrúar í sveitarstjórn, nefndum og ráðum 40-45 talsins og sveitarstjórum fækkar. Við það skapast talsvert hagræði.
- Helstu áskoranir í stjórnskipulagi verða meðal annars auknar kröfur og innleiðing rafrænnar stjórnsýslu. Vegna fjarlægða innan svæðis er mikilvægt að tryggja aðgengi íbúa að stjórnsýslunni og þjónustu.
- Lagt er til að fulltrúar í sveitarstjórn verði níu.
- Með sameinuðu sveitarfélagi er hægt að ná fram betri yfirsýn, ákvarðanatöku og aukinni skilvirkni með fækkun samstarfsverkefna. Þannig gefst líka tækifæri til aukinnar hagsmunagæslu með stefnumótun og áætlanagerð vegna nýrra atvinnutækifæra, opinberra



ENGINN EINN STAÐUR  
MÁ YFIRGNÆFA HINA

framkvæmda og samningagerðar í krafti stærðar sameinaðs sveitarfélags.



- Stefnt er að einföldu og skilvirku skipuriti fyrir sameinað sveitarfélag. Staf-ræn stjórnsýsla og upplýsingatækni verður nýtt til að auka aðgengi íbúanna að stjórnsýslunni.
- Áhersla verður lögð á að nefndir sveitarfélagsins séu virkar og áhrif íbúanna á nærumhverfi og staðbundna hagsmuni séu tryggð.
- Lagt er til að gerð verði tilraun með ákvæði í samþykktum sveitarfélagsins um að sveitarstjórn verði óheimilt að taka ákvörðun um verulegar breytingar á grunnþjónustu án samræðs við íbúa á viðkomandi stað, s.s. um lokun skóla.
- Breytt stjórnskipulag gefur tækifæri til aukinnar þátttöku íbúa í notendaráðum eða hverfisráðum og því er mikilvægt að virkja fólk til þátttöku.
- Lagt er til að aðalstarfsstöð stjórnsýslu- og fjármálasviðs, próunarsviðs og hafnarmála verði á Skagaströnd.
- Gert er ráð fyrir að velferðarsvið, framkvæmdasvið, skipulags- og byggingarfulltrúi og slökkviliðsstjóri hafi aðalstarfsstöð á Blönduósi.
- Sveitarstjóri og aðrir lykilstarfsmenn myndu hafa starfsstöð á báðum stöðum.





## HELSTU TÆKIFÆRI TIL HAGRÆÐINGAR

- Sameinað sveitarfélag gefur tækifæri til rekstrarhagræðis sem þarf þó ekki að bitna á þjónustu. Með sameiningu Blönduskóla og Húnavallaskóla er áætlað rekstrarhagræði af sameiningu Blönduskóla og Húnavallaskóla 50 milljónir króna á ári og hagræði í yfirstjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins er áætlað 15-25 milljónir króna á ári.
- Verði af sameiningu Blönduskóla og Húnavallaskóla munu framlög vegna skólanna verða óbreytt í 5 ár frá sameiningu þeirra, sem skapar svigrúm til breytinga.
- Áætlað er að árleg framlög Jöfnunarsjóðs til svæðisins hækki um rúmar 20 milljónir við sameiningu sveitarfélaganna.
- Það svigrúm sem skapast í yfirstjórn og umsýslu yrði nýtt til að auka sérhæfingu og ráða í hlutverk sem er ekki sinnt í dag, svo sem í upplýsingatækni og mannauðsmálum. Því er ólíklegt að störfum fækki.
- Reynsla annarra sameinaðra sveitarféлага sýnir að þótt sparnaður verði í rekstri eins málaflokks þá hefur kostnaður hækkað í öðrum flokkum á móti. Í ljósi mikillar samvinnu sveitarfélaganna er ekki talið líklegt að útgjöld vaxi verulega við sameiningu sveitarfélaganna vegna nýrra verkefna.
- Gert er ráð fyrir að kostnaður við breytingar og innleiðingu sameinaðs sveitarfélags verði um 80 milljónir króna á fyrsta ári og um 40 milljónir króna árlega næstu fjögur ár. Sérstök framlög úr Jöfnunarsjóði eru ætluð til að standa straum af innleiðingu breytinga.



## FJÁRMÁL

- Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á rekstur sveitarfélaganna, líkt og annarra sveitarféлага á Íslandi og óvissa er um þróun fjármála næstu árin.
- Skulda- og jafnvægisregla sveitarstjórnarlaga hefur verið afnumin til ársins 2025.
- Að teknu tilliti sameiningarframlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarféлага eru vísbendingar um að sameinað sveitarfélag muni ná rekstarjafnvægi árið 2023 og að reksturinn standi undir afborgunum lána frá þeim tíma.
- Vísbendingar eru um að framlög Jöfnunarsjóðs til svæðisins hækki um rúmar 20 milljónir króna árlega við sameiningu.
- Áætlað er að rekstrarhagræði verði 15-25 milljónir króna árlega með því að leggja saman yfirstjórn og rekstur fjögurra sveitarféлага og fjögurra byggðasamlaga í eina rekstrareiningu.
- Áætlað er að rekstrarhagræði af því að sameina Blönduskóla og Húnavallaskóla verði 40-50 milljónir króna árlega.
- Verði af sameiningu sveitarfélaganna er ekki búist við miklum breytingum á álagningu útsvars eða fasteignaskatta. Áhrif á þjónustugjöld og þjónustustig eru ætluð minniháttar.
- Framlög Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar sveitarfélaganna munu nýttast til niðurgreiðslu skulda og breytinga í stjórnsýslu og þjónustu. Framlög vegna sveitarfélaganna fjögurra eru:

Blönduósbær 435 m.kr.

Sveitarfélagið Skagaströnd 167 m.kr.

Skagabyggð 120 m.kr.

Húnavatnshreppur 205 m.kr.

**Samtals 927 m.kr.**

Samanburður úr ársreikningum 2018-2020 og fjárhagsáætlanager 2021-2024

	Fjárfestingar		Lántökur		Skuldahlutfall	
	2018-2020	2021-2024	2018-2020	2021-2024	2020	2024
Blönduósbær .....	- 583.350	- 336.210	610.828	470.000	140%	132%
Húnavatnshreppur .....	- 244.575	- 98.671	218.134	115.000	80%	79%
Skagabyggð .....	- 28.707	- 32.000	-	30.000	21%	40%
Skagaströnd .....	- 365.174	- 833.200	-	370.000	69%	106%
<b>Húnavetningur .....</b>	<b>- 1.221.806</b>	<b>- 1.300.081</b>	<b>828.962</b>	<b>985.000</b>	<b>103%</b>	<b>111%</b>

Sveitarfélagið Skagaströnd seldi eignir fyrir 277 milljónir króna á tímabilinu 2018-2020 sem skýrir lágur lántökur.

## UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLA ER HAFIN

Þann 12. apríl sl. hófst utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaganna Blönduósbæjar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar og Húnavatnshrepps.

Greiða má atkvæði utan kjörfundar hjá sýslumönnum um land allt og í sendiráðum erlendis. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra hefur tilkynnt að hægt sé að greiða atkvæði á skrifstofum embættisins sem hér segir:

- **Á Skagaströnd**, í samráði við skipaðan hreppstjóra, Magnús B. Jónsson að Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd, s. 899-4719.

- **Á Blönduósi**, aðalskrifstofu, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, virka daga kl. 09:00 til 15:00. Miðvikudaginn 2. júní nk. verður opið til kl. 19:00 á aðalskrifstofunni á Blönduósi.
- **Á Sauðárkróki**, sýsluskrifstofu, Suðurgötu 1, Sauðárkróki, virka daga kl. 09:00 til 15:00.

Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skal hafa borist sýslumanni á sérstöku eyðublaði eigi síðar en þriðjudaginn 1. júní 2021 kl. 16:00. Kosningu verður á HSN Blönduósi og Dvalarheimilinu Sæborg á Skagaströnd í vikunni fyrir kjördag, nánar auglýst síðar. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum við kosninguna.



Ingvi Rafn Ingvarsson þjálfari Kormáks Hvatar

# „Förum fullir sjálfstrausts og tilhlökkunar inn í sumarið“

Lið Kormáks Hvatar spilaði fyrsta leikinn í D-riðli 4. deildar um liðna helgi en þá mættu þeir liði Léttra á Hertz-vellinum í Breiðholti. Áður en keppni hófst sendi Feykir nokkrar spurningar á Ingva Rafn Ingvarsson sem tók við þjálfun liðsins nú á vordögum eftir smá sviptingar á þjálfaramarkaðnum.

**VIÐTAL**  
Óli Arnar Brynjarsson

Ingvi Rafn er uppalinn á Króknum, fæddur 1994, en með finar tengingar vestur yfir Þverárjallið. Hann hóf meistaraflökksferilinn með liði Drangeyjar, sem var þá nokkurs konar b-lið Tindastóls, en skipti sumarið 2013 yfir í lið Kormáks Hvatar og hefur leikið þar síðan ef frá eru skildir tveir leikir með Stólunum sumarið 2014. Ingvi Rafn hefur spilað 112 leiki og skorað í þeim 65 mörk.

**Hvernig leggst það í þig að taka við liði Kormáks Hvatar?** „Það leggst mjög vel í mig og er ég spenntur að takast á við nýtt hlutverk í liðinu. Leikmannahópurinn lítur vel út og hef ég fulla trú á að liðið geri vel í sumar. Ég verð þó ekki einn í þjálfarateyminu því Akil De Freitas verður einnig spilandi



Ingvi Rafn Ingvarsson í fyrsta leik sínum sem spilandi þjálfari Kormáks Hvatar.  
MYND: JÓI SIGMARS

þjálfari. Þá hafa reynslumiklir menn sem hafa séð þetta allt áður boðið fram krafta sína og verða þeir hluti af teyminu

okkar. Tel ég það mikilvægt í ljósi þess að báðir þjálfarar liðsins eru spil-andi.“

**Hver er stefnan fyrir sumarið?**

„Við förum fullir sjálfstrausts og tilhlökkunar inn í sumarið. Markmið liðsins er frekar skýrt en stefnan er sett á að enda í öðru af tveimur efstu sætunum í riðlinum sem gefur sæti í úrslitakeppninni. Mér sýnist á gamla góða pappírnum að við séum í riðli með sterkum liðum þannig að spilamennskan í sumar verður að vera góð svo markmið náist. Vona ég að þetta verði sumarið sem við tókum skrefið lengra og leyfum stuðningsmönnum Kormáks/Hvatar að dreyma um 3. deild að ári.“

**Hvernig standa leikmannamál hjá Kormáki Hvöt. Er enn verið að safna í lið eða er hópurinn fullskipaður?** „Leikmannahópurinn er að taka á sig mynd og list mér vel á liðið sem við teflum fram í sumar. Undanfarnar vikur höfum við verið að setja saman lið sem við teljum að geti náð í jákvæð úrslit í bland við að spila skemmtilegan fótbolta. Við höfum misst nokkra leikmenn en við höldum stórum kjarna frá síðasta ári. Þá hafa nýir leikmenn séð ljósið og gengið til við liðs við okkur og munu þeir án efa styrkja liðið mikið. Líkt og undanfarin ár höfum við leitað að liðsstyrk til Spánar og koma fjórir leikmenn þaðan. Yepes (markvörður), Acai (varnar-

maður), Jose (miðjumaður) og George (sóknarmaður). Einnig fáum við fyrrnefndan Akil De Freitas frá Trinidad & Tobago en hann hefur áður spilað á Íslandi. Að auki höfum við fengið franskan bakvörð, Bouna Dieye. Reynsluboltinn Bjarki Már Árnason er mættur aftur eftir að hafa villst aðeins inn í Eyjafjörð í vetur. Þá hefur Ólafur Þór Sveinbjörnsson snúið til baka frá Ægi Þorlákshöfn. Það má því segja að hópurinn sé að verða fullskipaður. Það er þó aldrei að vita nema fleiri leikmenn bættist við öflugt lið okkar áður en leikmannamarkaðurinn lokast, þar sem að blekið í pennanum hjá Lee Ann, eiganda Kormáks/Hvatar, þornar seint,“ segir Ingvi Rafn að lokum.

Það fór reyndar svo að tveir leikmenn bættust í hópinn áður en leikmannagugginn lokaði. Það voru þeir Alfreð Már Hjaltalín, sem hefur leikið í efstu deild með ÍBV og Víkingi Ólafsvík, og loks Edvard Börkur Óttharsson sem tekur fram fót-boltaskóna á ný eftir að hafa spilað áður með liði Tindastóls og Leiknis Reykjavík.

Áfram Kormákur Hvöt!



## HREYFING ER LÍFSGÆÐI

**Kollagenrík náttúruafurð úr hafinu sem verndar liði, byggir upp bein og brjósk og hefur bólgueyðandi áhrif.**

**Inniheldur aðeins náttúruleg efni D3- og C-vítamín bætt**



ÁSKORANDAPENNINN | palli@feykir.is  
Hartmann Bragi Stefánsson og Ólöf Rún Skúladóttir Húnaþingi vestra

## Örlítið raus um sinu

„...það ætti að vera knippi af henni í fánanum okkar,“ sagði Jón Gnarr í sýningu sinni *Ég var einu sinni nörd*, og talaði þar um hinn stórvaxna og tignarlega snarrótarpunt. Á meðan norðanáttin ríkir hér á landi með sinn þurrakulda gengur vorið hægt í garð. Nýgræðingur lítið kominn af stað þegar þetta er skrifað, og aðeins gulbrúna sinuna að sjá í úthögum. Það var útsýnið á sinuna út um stoflugluggann sem kveikti hugmynd að einhverju til að skrifa um, þar sem eftir langan umhugsunarfrest var enn fátt um góðar hugmyndir.

Snarrótin okkar allra, sem lifir af hvaðeina, hefur stutt við bakið á landanum frá örófi, þegar annað gafst upp fyrir kulda hélt



Ólöf Rún og Hartmann Bragi. MYND AÐSEND

snarrótin sínu striki enda harðgerð og stórvaxið gras sem tranar sér gjarnan fram og nær yfirhöndinni á því svæði sem henni bregður fyrir á annað borð.

Fóðurgildi hennar er ekki hátt, en betra en ekkert á erfðum og myrkum tímum, líkt og móðuharðindin svo dæmi sé tekið. Það eru skiptar skoðanir um hvort

hún hafi komið hér til lands á undan landnámsmönnum eða hvort hún hafi borist hingað með þeim, og síðan náð útbreiðslu með sauðfé. En eitt er víst að

hún hefur verið, og mun áfram verða, partur af okkur landanum. Í þessum þurrkum sem nú ríkja er sérstaklega verið að vara við hættu á gróðureldum, að þurr snarrótin sé hættulegur eldsmatur og getur lítill neisti orðið að stóru báli á örskotstundu. Við erum kannski full vön þurrkatiðum hér á Norðvesturlandi, en ekki oft sem það vofir yfir vá um gróðurelda. Sinubrunar geta orðið miklir og stórir, en einnig er jörð sviðin til ræktunar og það þekkt frá örófi að nýgræðingur sprettur ört á svæðum þar sem eldur hefur eytt þeirri gróðurhulu sem þar fyrir var. Þetta er þó kannski heldur á undanhaldi þar sem nútímatækni og vélar bjóða upp á breytta jarðvinnu. Vert er að nefna í kjölfarið að það að brenna sinu er með öllu óheimilt án tiltekinna leyfa. Við vonum nú að það fari fljótt að rigna og að græna grasið fari að sjást um úthagana

frekar en gulbrún sinan sem við störum á út um stoflugluggann.

Með þessu ómerkilega rausi um sinu getum við ekki komist hjá því að hugsa að sennilega er það rétt hjá Jóni, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, skipar snarrótin þann sess hér á Fróni að kannski, bara kannski, ætti að vera knippi af henni í fánanum.

Við þökkum þessa áskorun frá Sofíu til Hartmanns, sem varð að þessu skemmtilega samvinnuverkefni okkar hjónaleysanna, og hlökkum til að skora á þann næsta.

-----  
*Þau Hartmann Bragi og Ólöf Rún Skúladóttir höfðu ekki fundið áskorenda þegar Feykir fór í prentun en vonum það besta.*

(GUÐMUNDUR VALTÝSSON) palli@feykir.is

## Vísnaþáttur 784

Heilir og sælir lesendur góðir.

Minnir að ég hafi einu sinni í vetur, eða kannski tvisvar, birt smá sýnishorn af kveðskap Ólafs Bjarnasonar frá Stafni. Hafa nú rifjast upp fleiri sýnishorn af hans kveðskap sem bara gaman er að rifja upp. Um Guðlaug, sem þá var bóndi í Mjóadal á Laxárdal, varð þessi vísa til:

*Merkur – Guggi mjög er skuggalegur  
synda bruggi vanur var.  
Veginn ruggar hér og þar.*

Ekki fóru þau ágætu hjón sem þá bjuggu á Kringlu í Torfalekjahreppi alveg fram hjá hugsanagangi Ólafs, sem leggur þetta til þeirra mála:

*Gunna á Kringlu gjörir svamla um foldu  
Árna dinglar alltaf við.  
Á henni ringlar toppstykið.*

Heldur fékk Guðjón Hallgrímsson, bóndi í Hvammi í Vatnsdal, kalda kveðju:

*Guddi í Hvammi gamall vamma hundur.  
Áfram þrammar eins og svín  
sem aldrei kann að skammast sín.*

Þegar Ólafur fer svo næst í Skagafjörðinn og nálgast bæ Gísla Sigurðssonar, hreppsstjóra á Viðivöllum, fær hann sinn skammt.

*Gíslí á Völlum gömlum tröllum líkur.  
Syndadúsu seiglast við  
sá er með lúsarandlitid.*

Síðan liggur leiðin alla leið fram í Ábæ og

Gunnar Gíslason, bóndi þar sem þótti þá nokkuð ríkur af hundum, fær þessa:

*Gunnar á Bæ er gömlu hræi líkur.  
Synda fægir flikurnar.  
Fer á bæi með tükurnar.*

Enn er talsvert til af þessum sérkennilega kveðskap Ólafs og langar mig síðar að rifja kannski upp meira af því. Ljóst er að á þessum tíma var mikil hrifning af þessum kveðskap, annars hefði hann ekki lærst af svo mörgum.

Það er Egill Jónasson sem er höfundur að næstu vísu. Er hún gerð er hann kom að þar sem verið var að undirbúa Laxárvirkjun. Hitti hann Færeying sem var mikill trúmaður og vann af miklu kappi við grjótbörun fyrir sprengingar. Sá fékk vísu:

*Hann er að tálga hraungrýti,  
himinfjálgur í andanum.  
Hann er að nálgast helvíti  
og hyggst að sálga fjandanum.*

Sá vestur-islenski, Guttormur Guttormsson, orti svo til stúlku af hrekk undir nafni annars manns.

*Til þín ennþá, elskan mín  
augum renni ég gláður.  
Upp ég brenn af ást til þín.  
Ég er kvennamaður.*

Nú, þegar þessi þáttur er í smíðum, er ég að grafa mjög djúpt í drasli mínu eftir gömlum vísum, margt lítur þar dagsins ljós sem ég er nokkuð viss um að ekki hafi birst áður. Helgi Björnsson á Staðarhöfða mun hafa

ort þessa ágætu hringhendu á heimleið úr sjóferð.

*Dagur kveikir landi ljós  
láfi eykur gaman.  
Blær og reykur yfir ós  
eiga leiki saman.*

Næstu tvær vísur koma upp úr þessu rusli og er höfundur þeirra sögð Jónína Þorbjörg Magnúsdóttir, Fagrahvammí.

*Margt það lífið ber á borð  
sem böli kann að valda.  
Gálaust falla orð og orð  
sem aðrir hljóta að gjalda.*

*Mikið ber á mönnum þeim  
sem meira en aðrir vita.  
Mæla gjarnan tungum tveim  
og tala í sig hita.*

Deilur munu hafa verið með nágrönnum þegar Bjarni Jónsson frá Sýruparti orti eftirfarandi hringhendu:

*Set ég spá á sagnaþil  
sjón þó náí glata.  
Að hann sjái alltaf til  
aðra að flá og hata.*

Gott að heyra næst frá gamla Káin þar sem hann lýsir deilum við samferðamenn.

*Einlægt þú talar illa um mig,  
aftur ég tala vel um þig.  
En það besta af öllu er  
að enginn trúir þér – né mér.*

Ólafur Stefánsson hefur áður glatt okkur með góðum vísum. Þegar hann var á vetri farinn að hlakka til vorsins urðu þessar til:

*Kviknar bráðum vor af vetri,  
veðra hljóðnar gnýr.  
Tíðin gerist tállost betri  
tuðar blærinn hlýr.*

*Vonir sem að visna gerðu,  
- vetrar tóku frí,  
safarið að sunnanverðu  
safna orku á ný.*

*Vori fylgi virkni og kraftur  
verka gerumst fús.  
Þegar hundur laufgast aftur  
við lífið erum dús.*

Minnir endilega að þessi kunna vorvísu sé eftir Magnús, Vaglaskáldið í Blönduhlíð.

*Vors er talar tunga á ný  
takast skal að sanna.  
Að lifnar falinn eldur í  
æðum dalanna.*

Virðist þá góð leið, eins og stundum áður, að leita til Ingólfs Ómars, sem virðist tilbúinn með lokavísuna.

*Vafin gleði, ást og yl  
engum þínun hrjáður.  
Lífið við mig líkast til  
leikur nú sem og áður.*

Verið þar með sæl að sinni.



Guðmundur Valtýsson  
Eiríksstöðum,  
541 Blönduósi  
Sími 452 7154





## HVERNIG GETUM VIÐ AÐSTOÐAÐ?

SSNV sinnir ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála til einstaklinga, fyrirtækja og frumkvöðla á Norðurlandi vestra. Þjónustan er endurgjaldslaus fyrir íbúa landshlutans.



### ERTU MEÐ HUGMYND?

Komdu og hugsaðu upphátt með okkur og fáðu hjálp við að ákvarða næstu skref.



### VILTU GERA PLAN?

Við aðstoðum þig við að vinna viðskipta- og rekstraráætlanir.



### VIÐ FYLGJUMST MEÐ...

...og miðlum upplýsingum um tækifæri og tengjum réttu aðilana saman til að hægt sé að grípa þau.



### VIÐ SÆKJUM STYRK...

..með því að hjálpa þér að skoða möguleika á styrkjum eða annarskonar stuðningi við þína hugmynd.



## RADDIR VIÐSKIPTAVINA OKKAR



Atvinnuráðgjafar SSNV hafa ólíkan bakgrunn sem gerir þá að sterkri heild. Ég hef nýtt mér ráðleggingar og aðstoð frá þeim öllum í ólíkum verkefnum. Þau hafa veitt mér ómetanlega aðstoð við umsóknaskrif sem hefur nýst vel og skilað fjármagni inn á svæðið.

**Þórhildur M. Jónsdóttir,**  
Vörusmiðju BioPol.



Ég hef oft nýtt mér þjónustu atvinnuráðgjafa hjá SSNV t.d. við styrkumsóknir og verkefni sem ég hef unnið að. Þægilegt viðmót og hjálpsemi þeirra sem og uppbyggileg rýni hafa stutt mig í mínum verkefnum. Ég er mjög þakklát fyrir þessa þjónustu!

**Evelyn Ýr Kuhne,**  
Ferðapjónustunni Lýtingsstöðum.

PANTAÐU TÍMA HJÁ RÁÐGJAFNA

[www.ssnv.is](http://www.ssnv.is)



[ssnv@ssnv.is](mailto:ssnv@ssnv.is)



419-4550



Skiptar skoðanir íbúa Austur-Húnavatnssýslu

# Sameining eða ekki sameining - þarna er efinn

**SAMANTEKT**  
Páll Friðriksson

Í tilefni af væntanlegum íbúakosningum í Austur-Húnavatnssýslu, þar sem fjögur sveitarfélög biða órlaga sinna um sameiningu eður ei, sendi Feykir, af handahófi, fjórum einstaklingum úr sitthverju sveitarfélagi héraðsins, spurningu til að kanna hug þeirra til verkefnisins.

Hvort þetta litla úrtak segir nokkuð til um það hvernig málin standa gagnvart sameiningarvilja íbúanna skal ósagt látið en sitt sýnist hverjum um framtíðina í þeim málum.

Fyrsti íbúafundur til kynningar á tillögu samstarfsnefndar um sameiningu fór fram í Fellsborg á Skagaströnd í gær og annar boðaður í Félagsheimilinu á Blönduósi í kvöld, miðvikudag. Þriðji fundur fer svo fram rúmri viku síðar eða mánudaginn 31. maí á Húnavöllum og loks í Skagabúð í Skagabyggð daginn eftir. Allir hefjast þeir kl. 20 og eru allir hvattir til að mæta en einnig verða þeir sendir út rafrænt á Zoom og streymt á Facebook-síðunni Húnavetningur þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar. /PF

FEYKIR SPYR | Ólafur Bernódusson Skagaströnd

## Skora á fólk að hafna sameiningu

Ólafur Bernódusson kennari, námsráðgjafi og verkefnisstjóri í Höfðaskóla á Skagaströnd, er mjög skeptískur á sameiningu og hvetur fólk til að hafna henni í kosningunum. Ólafur er fæddur og uppalinn á Skagaströnd, giftur og þriggja barna faðir.

**Hvernig líst þér á að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu verði sameinuð?**

-Ég er andvígur sameiningu. Einkum vegna mjög ólíkrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Ég kaupi heldur ekki þau rök að við verðum að sameinast til að öðlast aukinn slagkraft gagnvart stjórnvöldum. Ég tel að sveitarfélögin geti sem best unnið saman og komið fram sem eitt gagnvart stjórnvöldum í þeim málum sem snerta hag íbúanna á svæðinu, án sameiningar.

**Hvað telur þú jákvætt við þær?**

-Ég sé svo sem ekkert jákvætt við sameiningu og finnst hún óþörf. Sveitarfélögin hafa starfað ágætlega saman, sem sjálfstæðar einingar, gegnum byggðasamlög að þeim verkefnum þar sem samstöðu er þörf. Ég veit ekki betur en sú samvinna hafi reynst vel.

**Hvað neikvætt?**

-Fjárhagsleg staða stærstu sveitarfélaganna er með öllu ósamrýmanleg að mínu mati. Þá er það nú svo að reynslan kennir okkur að þrátt fyrir fögur fyrirheit og loforð um jafnrétti og jafnvægi milli sveitarfélaga eftir sameiningu hafa minni/fámennari byggðirnar ávallt misst stöðu sína gagnvart hinum fjölmennari. Dæmi um þetta hér á Norðurlandi eru Ólafsfjörður/Siglufljörður, Hofsó/Sauðárkrókur og jafnvel Laugarbakki/Hvammstangi. Þá bendi ég líka á að þeir fjármunir sem stjórnvöld lofa að leggja til sveitarfélagana eiga að greiðast á sjö ára tímabili þannig að þeir fjármunir vatnast dálítið mikið út.

**Hvernig telur þú að sameining eigi eftir að breyta þinni afkomu, ef nokkuð?**

-Ég sé ekki að ef af sameiningu verður muni það breyta afkomu minni að öðru leyti en því að skuldir mínar, sem íbúa hins nýja sveitarfélags, munu aukast mjög mikið.

**Hefur þú fylgst með umræðum og skrifum á heimasíðu sameiningarnefndar, Húnavetningur.is?**

-Já, það hef ég gert.

**Er eitthvað sem þér finnst tortryggilegt sem sett er fram um hugsanlega sameiningu?**



-Kannski ekki tortryggilegt en bendi á að öll loforð, sem gefin eru um hvernig hlutirnir verða í framtíðinni eru innihaldslaus því sú sveitarstjórn, sem kosin verður 2022, er algjörlega óbundin af því sem sagt er fyrir sameiningarkosningarnar. Sú stjórn mun taka sínar ákvarðanir út frá þeim forsendum sem þá verða uppi.

**Er eitthvað þar sem þú ert virkilega sammála?**

-Mér finnst skynsamlegt að Húnavallaskóli og Blönduskóli sameinist – og þá á jafnréttisgrunni. Að mínu viti væri hægt að gera það án þess að sameina sveitarfélögin. Bendi á áratuga góða reynslu af að nemendur úr Skagabyggð hafa sótt Höfðaskóla án þess að sveitarfélögin væru sameinuð. Það er gott dæmi um góða samvinnu sjálfstæðra sveitarfélaga.

**Hvað gætir þú hugsað þér að sameinað sveitarfélag myndi heita?**

-Hef ekki skoðun á því.

**Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?**

-Ég vil skora á fólk að hafna sameiningu en vera opið fyrir samvinnu þar sem hennar er þörf. Einnig samstöðu gagnvart ríkisvaldinu, sem mér finnst undarlegt að líta á sem óvinveitt á skynsamlegar framfarir í A -Hún.

FEYKIR SPYR | Sigurlaug Gísladóttir Blönduósi

## Telur að stærra sveitarfélag verði öflugra að öllu leyti

**Sigurlaug Gísladóttir, sem fædd er og uppalin í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, býr nú á Blönduósi og rekur verslunina Húnabúð þar í bæ, sem er hvoru tveggja í senn, kaffihús og verslun með blóm og gjafavörur.**

**Hvernig líst þér á að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu verði sameinuð?**

-Mér líst vel á að sameina Austur-Húnavatnssýslu

**Hvað telur þú jákvætt við þær?**

-Held að flest sé jákvætt.

**Hvað neikvætt?**

-Neikvætt væri ef það yrðu margir ósáttir ef þetta yrði samþykkt. Því óánægja getur skemmt mikið fyrir verkum framundan í stærra sveitarfélagi.

**Hvernig telur þú að sameining eigi eftir að breyta þinni afkomu, ef nokkuð?**

-Sameining breytir litlu fyrir mig persónulega.

**Hefur þú fylgst með umræðum og skrifum á heimasíðu sameiningarnefndar, Húnavetningur.is?**

-Lítið fylgst með umræðum á netinu, er meira fyrir að tala beint við fólk.

**Er eitthvað sem þér finnst**

**tortryggilegt sem sett er fram um hugsanlega sameiningu?**

-Nei, get ekki séð það.

**Er eitthvað þar sem þú ert virkilega sammála?**

-Ekkert sérstakt. Ég tel bara að stærra sveitarfélag verði öflugra að öllu leyti.

**Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?**

-Öll sveitarfélög þurfa að fara hysja upp um sig buxurnar í málefnum fatlaðs fólks, sérstaklega ef litið er til NPA þjónustunnar og dóms sem féll nýlega á Mosfellsbæ, og verður fordæmisgefandi, og ég tel engar líkur á að það sveitarfélag vinni málið á seinni dómstigi, því lögin eru skýr en ekki hefur verið farið eftir þeim hingað til. Sveitarfélögin sömdu hroðalega af sér þegar sá málaflökur færðist yfir á sveitarfélögin og eru að súpa seyðið af því síðan. Létu plata sig út í þetta sem kallast SIS mat á fatlanir fólks og fá greitt eftir því sem hefði aldrei átt að verða til. Fólk á ekki að setja í verðflokka eins og hverja aðra gripi heldur skal hver einstaklingur fá þá þjónustu sem hann þarf miðað við heilsu, óháð hvað Excelskjölin segja að þurfi. Og það segja lögin alveg skýrt, hvað sem tekjum sveitarfélaga frá ríki liður.





FEYKIR SPYR | Erla Jónsdóttir Skagabyggð

# Ókostur að skipta börnum úr dreifbýlinu í báða skólana

Erla Jónsdóttir býr í Kambakoti í Skagabyggð, framkvæmdastjóri Lausnamiða, sem er bókhalds- og rekstrarráðgjafa fyrirtæki með skrifstofu á Skagaströnd. Einnig stundar hún kolefnisjafnaða sauðfjárframleiðslu á jörðunum Kambakoti og Hafursstöðum ásamt Jóhanni Ásgeirssyni, eiginmanni sínum og börnum þeirra, Freyju Dís og Loga Hrannari. Erla er ekki hlynnt sameiningu og telur hana snúast meira um skiptingu starfa á milli Skagastrandar og Blönduóss frekar en nokkuð fyrir íbúa Skagabyggðar.



**Hvernig list þér á að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu verði sameinuð?**

-Mér leist í raun mjög vel á það og var talsmaður þess en það eru eiginlega farnar að renna á mig tvær grímur. Mér finnst umræðan ekki vera nægilega jákvæð um að þetta verði eitt sameinað sveitarfélag. Heldur er tilfinningin að stærsta sveitarfélagið ætli að gleypa okkur hin. Það er svona því miður tilfinningin.

**Hvað telur þú jákvætt við þær?**

-Út frá mínum persónulegu hagsmunum á ég bara svoltið erfitt með að finna það nema vera nokkuð örugg um að lenda ekki í sveitarstjórn, en vonandi myndi stjórnunarlegur kostnaður lækka og stjórnsýslan verða vandaðri.

**Hvað neikvætt?**

-Eina sem ég sé fyrir víst að breytist pottþétt fyrir mig er að fasteignagjöld verða hækkuð. Sauðfjárbúskapur má nú kannski ekki við því.

**Hvernig telur þú að sameining eigi eftir að breyta þinni afkomu ef nokkuð?**

-Ég sé ekki í fljótu bragði að það verði nein breyting nema hækkuð fasteignagjöld og þau telja talsvert fyrir mig, eigandi alltof margra fermetra af húsum.

**Hefur þú fylgst með umræðum og skrifum á heimasíðu sameiningarnefndar, Húnavetningur.is?**

-Ég hef lesið kynningarefnið sem þar er að mestu en missti af fundum á netinu því miður.

**Er eitthvað sem þér finnst tortryggilegt sem sett er fram um hugsanlega sameiningu?**

-Nei, ekki beint held ég en þarna eru ansi margir þekktir gamlir frasar um að standa saman að hinu og þessu sem þessar sveitarstjórnir hafa alltaf verið að reyna að gera en kannski ekki uppskorið. Ég sé ekki hvað þessi sameining ætti að breyta þar sérstaklega. Þetta er meira skipting starfa á milli Skagastrandar og Blönduóss en aldrei minnst á neitt fyrir íbúa Skagabyggðar. Ég sakna þess að sjá ekki meira hvað sé á dagskrá hjá

sveitarfélögunum. Nú er þekkt að það þarf að ráðast í lausnir á skolpmálum á Skagaströnd og við í Skagabyggð búum við óupplýstar og ómalbikaðar heimreiðar. Ég óttast svoltið að þetta verði slagur á milli Blönduóss og

Skagastrandar um framkvæmdir og við hin bara verðum skilin eftir.

Eignastaða er líka gríðarlega ólík en það gleymist kannski að meta til fjár það landnáði sem íbúar í Skagabyggð og Húnavatnshreppi búa við, miðað við ný drög að landbúnaðarstefnu og alla umræðu um kolefnismál að þá gætu það verið gríðarleg verðmæti, landnáði á bara efir að hækka í verði, það er mitt mat.

**Er eitthvað þar sem þú ert virkilega sammála?**

-Sameining grunnskólanna, hefði bara viljað sjá það ganga lengra. Það er ókostur að skipta börnum úr dreifbýlinu í báða skólana. Held að ef þau væru saman í einum skóla væri það kostur og meira tillit yrði þá tekið til þeirra þarfa, bæði varðandi skipulag á tómsundum og eins varðandi það að þau geti ekki hlaupið á milli skóla og heimilis. Ég held að það væri hagur barnanna okkar ef þau væru öll saman í skóla en ég á kannski ekki að úttala mig um það þar sem stutt er eftir í þeim málum hjá mér. En ég hefði viljað hafa börnin mín í fjölmennari bekk svo það sé bara sagt.

**Hvað gætir þú hugsað þér að sameinað sveitarfélag myndi heita?**

-Ég er aðflutt þannig ég ber ekki eins miklar tilfinningar og innfæddir Húnavetningar, en Húnaþing eystra er það ekki bara málið?

**Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?**

-Já, mér finnst fréttalutningur af lokun bankans á Blönduósi mjög dapur, ekki bara það að bankinn loki heldur líka það hvernig íbúar tjá sig. Hefði viljað sjá væntanlega samsveitunga mína sameinast um að flytja viðskipti sín opinberlega í útibú Landsbankans á Skagaströnd en það hefur lítið farið fyrir því. Það eitt held ég að hefði virkað vel í þessar sameiningarumræður. Mig setur þínu uggh yfir þessu þar sem það er ansi mikil þjónusta sem íbúar norðan Blönduóss sækja möglunarlaust til Blönduóss.

FEYKIR SPYR | Ingvar Björnsson Húnavatnshreppi

# Hvetur alla íbúa að taka þátt í kosningunni

Ingvar Björnsson býr á Hólabaki í Þingi og rekur, ásamt Elínu Aradóttur konu sinni, kúabú og textil- og hönnunarfyrirtæki sem framleiðir vörur undir vörumerkjunum Lagður og Tundra. Þau hjón eiga þrjú börn, Aðalheiði 15 ára, Ara 12 ára og Elínu 8 ára. Ingvari finnst faglega hafi verið staðið að undirbúningi sameiningar og er hlynntur þeim.

**Hvernig list þér á að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu verði sameinuð?**

-Sameining sveitarfélaga í A-Hún er löngu tímabært framfaraskerf.

**Hvað telur þú jákvætt við þær?**

-Ef vel tekst til mun sameining þjappa Austur-Húnavetningum saman og hvetja þá til að stefna til framtíðar og byggja héraðið upp. Vonandi mun draga úr þeirri togstreitu sem oft verður vart við inn til héraðsins. Mikilvægt er að íbúar átti sig á því að það er sama hvar uppbyggingin á sér stað, allt sem gert er til framfara styrkir svæðið í heild. Við eigum að leggjast sameinuð á áramnar og róa í takt til betri framtíðar.

**Hvað neikvætt?**

-Til lengri tíma sé ég ekkert sem talist getur neikvætt. Til skemmri tíma er það ljóst að ferli sem þessu fylgja oft einhver tíma-bundin sárindi vegna ummæla sem falla í hita leiksins og niðurstöðu sem hluti íbúa er ósáttur við. Það er því ljóst að ef af sameiningu verður þarf að vanda mjög til verka í framhaldinu til að setta íbúa og mismunandi sjónarmið.

**Hvernig telur þú að sameining eigi eftir að breyta þinni afkomu, ef nokkuð?**

-Sameining mun ekki hafa bein áhrif á okkar rekstur eða afkomu. Til framtíðar mun sameining þó styrkja svæðið og gera það ákjósanlega til búsetu og

renna á þann hátt stöðum undir rekstur og afkomu fyrirtækja og rekstaraðila á svæðinu.

**Hefur þú fylgst með umræðum og skrifum á heimasíðu sameiningarnefndar, Húnavetningur.is?**

-Hef fylgst lauslega með efni á Húnavetningur.is.

**Er eitthvað sem þér finnst tortryggilegt sem sett er fram um hugsanlega sameiningu?**

-Nei.

**Er eitthvað þar sem þú ert virkilega sammála?**

-Almennt má segja að vel og faglega hafi verið staðið að undirbúningi sameiningar. Sem dæmi má nefna stofnun starfs-hópa um skilgreind verkefni þar sem reynt er að draga saman stöðu málaflokka og hugsanleg áhrif sameininga á þróun þeirra. Framsetning þessa efnis á heimasíðunni Húnavetningur.is er ágæt og margt þar sem hægt er að taka undir. Þá má segja að umræðan sé almennt hófstillt og málefnaleg.

**Hvað gætir þú hugsað þér að sameinað sveitarfélag myndi heita?**

-Húnaþing.

**Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?**

-Ég vil hvetja alla íbúa sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu til að taka þátt í sameiningarkosningunni. Hver og einn verður að spyrja sig að því hvort okkur sem samfélagi muni farnast betur í einu sterku sameinuðu sveitarfélagi eða í gömlu einingunum. Ég er sannfærður um að ef fólk skoðar málið í viðú samhengi, og af yfirvegun, þá verður niðurstaðan sú að mikill meirihluti íbúa allra sveitarfélaganna mun kjósa með sameiningu og þar með bjartri framtíð Húnaþings.





Nýttum  
kosningaréttinn  
okkar!

Framtíðin er  
okkar!


STOFN  
E.H.F.  
VERKFRÆÐISTOFA

# EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

## INNLEND FRAMLEIÐSLA MEÐ EPD UMHVERFISYFIRLÝSINGU

Steinull hf er fyrsti byggingavöru-  
framleiðandinn á Íslandi  
sem látið hefur útbúa  
umhverfisyfirlýsingu  
fyrir sínar vörur.

Umhverfisyfirlýsing  
vöru stendur fyrir  
„Environmental  
Product Declaration“  
eða EPD.



SAUÐÁRKRÓKI • Sími 455 3000 • steinull@steinull.is • www.steinull.is

## Að gerast áskrifandi að rafrænni útgáfu Feykis er auðvelt...

1. Ef þú ert nú þegar áskrifandi að Feyki og hefur áhuga á að fá rafrænan aðgang líka, hafðu þá sambandi við okkur í síma 455 7171.
2. Fyrsta skrefið er að fara inn á Feykir.is, hægra megin á skjánum er hlekkurinn „Ert þú áskrifandi að Feyki?“ klikkar á hann.
3. Þá koma upp upplýsingar um hvaða áskriftaleiðir eru í boði og ef þú hefur áhuga á að halda áfram þá klikkar þú á STOFNA AÐGANG.
4. Þar þarft þú að skrá inn allar þær upplýsingar sem óskað er eftir ásamt kortaupplýsingum en taktu eftir að það er ekki gjaldfært af kortinu strax því nú er aðeins búið að stofna þig sem notanda.
5. Inni á notendasíðunni þarftu svo að finna ÁSKRIFT, þar getur þú valið um þær leiðir sem í boði eru. Ytir á KAUPA við þá leið sem þú vilt verða áskrifandi að og þá gjaldfærst af kortinu þínu.

6. Til að nálgast rafrænu eintökin af Feyki þarftu að fara inn á MÍN SÍÐA og þar birtast öll tölublöðin. Til að komast aftur inn á fréttasíðuna ytir þú á stóra Feykir.is lógóið.

7. Ef þú lendir í því að skrá þig út af kerfinu leitar þú að INNSKRÁNING á feykir.is og klikkar á það. Þá þarftu að setja inn netfangið þitt og leyniorðið sem þú valdir þegar þú bjóst til notendaskráninguna.

Hafa samband / Fréttaskot | Auglýsingar | Áskrift | RSS | Innskráning

Þriðjudagur 09. febrúar



8. Ekki þarf að endurnýja áskriftina í hverjum mánaði því kerfið tekur mánaðarlega af kortinu á meðan þú ert í áskrift. ATH! Ef þú vilt segja upp áskriftinni verður þú sjálf/ur að segja henni upp með því að fara inn á notendasíðuna, inn í ÁSKRIFT og velja SEGJA UPP ÁSKRIFT.

Vertu velkomin/n í hóp áskrifenda Feykis!  
Nánari upplýsingar eru veittar í síma 455 7171 eða á feykir@feykir.is





**(RABB-A-BABB)** oli@feykir.is

# Amrún Bára

NAFN: Amrún Bára Finnsdóttir.

ÁRGANGUR: 1989.

FJÖLSKYLDUHAGIR: Gift Kristjáni Blöndal og saman eigum við tvær dætur.

BÚSETA: Blönduós.

HVERRA MANNA ERTU OG HVAR UPP ALIN: Foreldrar mínir eru Finnur Kristinsson &amp; Guðbjörg Ólafsdóttir. Ég er uppalin á Skagaströnd.

STARF / NÁM: Hársnyrtímeistari, sveitarstjórnarfulltrúi / B.Ed í grunnskólakennslufræðum.

HVAÐ ER Í DEIGLUNNI: Framkvæmdir í húsinu og njóta sumarsins með fjölskyldunni.

**Hvernig nemandi varstu?**

Ætli ég hafi ekki verið samviskusöm, temmilega kærulaus og vandvirk.

**Hvað er eftirminnilegast frá fermingardeginum? Þegar fermingarhópurinn labbaði með prestinum úr skólanum yfir í kirkjuna í blíðviðri.****Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Ég ætlaði mér reyndar alltaf að verða hársnyrtir eða dýralæknir. Annað þeirra gekk eftir.****Hvert var uppáhalds leikfangið þitt þegar þú varst krakki? Hjólaskautar, hjól, skíði og allt sem tengdist útivist og hreyfingu.****Besti ilmurinn? Lyktin af birkitrjám eftir rigningu.****Hvar og hvenær sástu núverandi maka þinn fyrst? Í Samfés-ferð í 10. bekk. Við erum búin að vera saman síðan við vorum 16 ára.****Hvað varstu að hlusta á þegar þú fékkst bílprófið? Líklega FM957.****Hvernig slakarðu á? Í sumar-bústað, í heitum potti eða í góðum göngutúr. Annars þarf ég að fara að æfa mig betur í því að slaka á.****Hverju missirðu helst ekki af í sjónvarpinu? Þátturinn sem er efst á listanum er Greys Anatomy. Love Island er síðan *guilty pleasure* sem mér finnst gaman að horfa á.****Besta bíómyndin? Notebook nær mér í hvert skipti.****Þú vaknar einn morgun í líkama frægrrar manneskju og þarft að dúsa þar einn dag. Hver værirðu til í að vera og hvað myndirðu gera? Úfff erfið spurning. Ætli ég segi ekki bara Beyoncé á góðum tónleikadegi hjá henni.****Hver er uppáhalds bókin þín og/eða rithöfundur? Að lesa meira er á *to do* listanum. Lestur bóka hefur setið á hakanum vegna barneigna, vinnu og háskólanáms seinustu árin.****Orð eða frasi sem þú notar of mikið? „Farðu varlega“ eða „passaðu þig“ (við dætur mínar).****Hvaða þremur persónum vildirðu bjóða í draumakvöld-verð? Ég myndi bjóða æskuvinkonunum þar sem við erum allar farnar að****þrá að hittast. Það er orðið aðeins of langt síðan seinast (vegna Covid19) og það er svo sannarlega kominn tími til að hafa gaman saman.****Ef þú gætir farið til baka í tímann, hvert færirðu? Ég hugsa að ég sé einmitt í skemmtilegasta tímabili lífsins núna. Dætur mínar eru fjögurra ára og tæplega tveggja ára og það er mikið líf og fjör. Ég er að reyna að njóta þeirra eins mikið og ég get. En það væri reyndar ótrúlega skemmtilegt að fara aftur til ársins 2016 þegar ég og maðurinn minn ferðuðumst um Asíu og giftum okkur öllum að óvörum í Thailandi. Þær minningar verða seint toppaðar.****Hver væri titillinn á ævisögu þinni? Með fullar hendur.****Framlenging:****Ef þú gætir hoppað upp í flugvél og réðir hvert hún færir, þá færirðu til... Balí eða Maldíveyjanna. Þetta eru draumaáfangastaðirnir sem mig langar til að heimsækja.****Nefndu eitthvað þrennt sem þér finnst þú mega til að gera áður en þú gefur upp öndina: Sjá dætur mínar vaxa úr grasi og kynnast barnabörnunum. Byggja hús eða sumarbústað. Skoða heiminn.****Hvaða íþróttamanni hefurðu mestar mætur á? Crossfit dætrunum okkar! Þær eru hrikalegar og magnaðar konur sem hafa náð glæsilegum árangri.****Hvað gerir þú betur en allir aðrir á þínu heimili? Skipuleggja það, ganga frá hlutum og sjá um þvottinn.****Hvert er snilldarverkið þitt í eldhúsinu? Pizza og frönsk súkkulaðikaka eru líklegast á toppnum. Ég er reyndar dóttir móður minnar í eldhúsinu og hef mjög gaman af því að elda góðan mat.****Hættulegasta helgarnammið? Hrískúlur, Hraun og ostasalat með Ritz kexi.****Hvernig er eggjð best? Skramblað eða steikt báðum megin.****Hvað fer mest í taugarnar á þér í fari þínu? Ég er óþolandi gleymín og ég á það til að fresta hlutum.****Hvað fer mest í taugarnar á þér í fari annarra? Óheiðarleiki, neikvæðni og ókurteisi.****Uppáhalds málsháttur eða tilvitnun? Grasið er grænt þar sem þú vökvar það.****Hver er elsta minningin sem þú átt? Ætli það séu ekki leikskóla minningar með gömlum vinum.**



# Námsbrautir við FNV

## Bóknámsbrautir til stúdentsprófs

- Félagsvísindabraut
- Fjölgreinabraut
- Hestabraut
- Náttúruvísindabraut

Aðrar brautir:

- Starfsbraut

## Iðnnámsbrautir

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Bifvélavirkjun
- Vélvirkjun / Rennismíði
- Rafvirkjun

## Starfsnámsbrautir

- Hestaliðanám
- Kvikmyndatækni
- Nám til iðnmeistararéttinda
- Sjúkraliðabraut
- Vélstjórnarnám A og B

## Fjarnám

Skólinn býður upp á fjarnám í flestum bóklegum áföngum sem í boði eru í dagskóla.



**(HVAD ERTU MED Á PRJÓNUNUM)** klara@nyprent.is

Pórdís Erla Björnsdóttir Blönduósi

# Prjón og hekl er í uppáhaldi

Pórdís Erla Björnsdóttir býr á Blönduósi með eiginmanni og þremur sonum. Handavinna er hennar aðal áhugamál og notar hún hverja mínútu sem hún á aflögu til að dunda sér, helst í prjóni eða hekli. Eins skoðar hún mikið af handavinnu á Instagram eða Facebook, Pórdís segir að það sé auðveldlega hægt að gleyma sér yfir slíku tímunum saman og einnig sé rosalega gaman að skoða fallett handlitað íslenskt garn.

**Hvaða handavinna þykir þér skemmtilegust?** „Prjón og hekl er í uppáhaldi, eins finnst mér gaman að sauma út.“

**Hve lengi hefur þú stundað hannyrðir?** „Ég hef verið sirka 6-8 ára þegar ég byrjaði að sauma krosssaum og upp úr því fer ég að prjóna. Ömmur mínar báðar voru miklar hannyrðakonur og lærði ég mikið af þeim. Það voru mínar bestu gæðastundir sem barn og unglingur að fara að heimsækja ömmu og eiga notalega stund. Einnig kenndi

mamma mér líka margt í sambandi við prjón.“

**Hverju ertu að vinna að um þessar mundir?** „Ég er að prjóna tvö sjöl og tvær peysur.“

**Hvar fékkstu hugmyndina?** „Hugmyndir að handverkinu fæ ég mest á Facebook og Instagram.“

**Hvaða handverk sem þú hefur unnið ertu ánægðust með?** „Ætli ég sé ekki stoltust af skírnarkjólunum sem ég hef gert, annar er heklaður og hinn er prjónaður. Heklaði skírnarkjöllinn er fyrsta heklaða flíkin sem ég gerði.“

Ég heklaði teppi árið 2017 sem ber nafnið Veðráttuteppi og sá ég hugmyndina á Facebook.

Þá heklaði ég eina rönd á dag eftir hitastigi á Blönduósi um hádegi. Ég bjó mér til minn hitaskala.“ Sjá má mynd af teppinu hér að neðan, hvítu rendurnar eru skil milli mánaða.

Pórdís skorar á Kristínu hjá Vatnsnesyarn á Hvammstanga.



Pórdís með son sinn, Guðjón Óla. AÐSENDAR MYNDIR



Veðráttuteppið, hvítu rendurnar eru skil milli mánaða.



Sjal og vettlingar úr íslensku handlituðu gami.



Þessi peysa er í miklu uppáhaldi úr íslensku handlituðu gami úr ýmsum áttum.



Peysa sem ég prjónaði 2020.



Kjóll úr handlituðu íslensku gami frá Vatnsnesyarn.



Heklaður skírnarkjóll (2002).



Prjónaður skírnarkjóll (2003).



**Eucerin**<sup>®</sup>



1. VÍKA

2. VÍKA

8. VÍKA

12. VÍKA

**NÝTT**



MINNKAR ALDURSBLETTI Á  
**TVEIMUR VÍKUM\***

\*Fyrsti sjáanlegi árangur á 2 vikum.



**(MATGÆÐINGAR VIKUNNAR)** siggag@nyprint.is

Vigdís Elva og Þröstur | Skagaströnd

# Ofnbakaður teriyaki silungur og marengsrúlluterta

Matgæðingar vikunnar eru þau Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, leiðbeinandi við Höfðaskóla á Skagaströnd og kennaranemi við Háskóla Íslands, og eiginmaður hennar, Þröstur Árnason sjómaður á Drangey SK-2.

Þau eiga saman fjögur börn á aldrinum 8 til 20 ára og búa á Skagaströnd.

**AÐALRÉTTUR**

## Ofnbakaður teriyaki silungur

- u.þ.b. 800 g silungur (bestur beint úr Hnausatjörninni)
- 1 msk. ólífuolía
- 1 tsk. smjör
- salt og pipar
- 6-8 msk. teriyakisósa
- 1 hvítlauksrif
- 2 stíklar vorlaukar
- 6 msk. hreinn fetaostur
- slatti af ristudum sesamfræjum

**Aðferð:** Hita ofninn í 180°C. Setja silunginn í eldfast mót. Saxa hvítlauk og vorlauk mjög smátt og blanda saman við teriyakisósuna. Pensla fiskinn með sósunni, meira er betra. Strá svo ristudum sesamfræjum yfir og elda í ofni í u.þ.b. 8-10 mínútur. Þegar fiskurinn er að verða tilbúinn er gott að mylja fetaostinn yfir. Gott með fersku salati og hrisgrjónum.

**EFTIRRÉTTUR**

## Marengsrúlluterta

- 4 eggjahvítur
- 2 dl sykur
- ½ dl púðursykur
- Kornflex eða Rice Krispies ef vill

**Aðferð:** Allt hrært saman þar til blandan verður stífþeytt. Ef þið ætlið að setja Rice Krispies eða kornflakes út í er það gert núna og hrært saman með sleif. Smurt á bökunarplötu og sett inn í 135°C heitan ofn og bakað í 40-50 mínútur. Botninum er hvolft á annan smjörpappír og látinn kólna aðeins. Inn í þetta set ég oftast:

- ½ l þeyttur rjómi
- 1 plata af karamellufylltu súkkulaði
- 1 dós ferskjur

**Aðferð:** Skerið súkkulaðið og perurnar og setjið saman við rjómann. Rjómablandan smurð á




Vigdís Elva og Þröstur. AÐSEND MYND

allan botninn og svo er rúllað. Gott að setja heita íssósu frá Kjörís ofan á til skrauts.

Skotheld terta sem hægt er að borða nánast strax og búið er að setja á hana.

Við skorum á Guðrúnu Elsu Helgadóttur og Arnar Ólaf Viggósson. Þau eru miklir matgæðingar og höfðingjar heim að sækja.

**Verði ykkur að góðu!**



Marengsrúllutertan gómsæta. AÐSEND MYND

**Feykir spyr...**


## Hvað er best við að búa í Húnavatns-sýslu?

Spurt á Facebook



„Mikil ungliðun í sveitum og mikið félagslíf í vestur sýslunni.“

Kristinn Rúnar Víglundsson



„Góð staðsetning, hafið og fjöllin.“

Hafdís Ásgeirsdóttir



„Lítið þægilegt samfélag og stutt í allar áttir.“

Ármann Óli Birgisson



„Það er auðvitað náttúrudýrin og veðurblíðan (svona oftast).“

Fjóra Dögg Björnsdóttir

UMSIÓN : klara@nyprint.is

**F FEYKIFÍN AFDREYING**

## Vísnaðgátur Sveins Víkings

Finna skal út eitt orð úr línunum fjórum:

Veiðitæki og hnaus eg hugsa 'um. Á hljóminum kennist þetta undur. Viðsjáll í ám, og oftast á buxum. Á örlagastund var höggvinn í sundur.

## Krossgáta

KROSSGÁTUSMÍÐUR Páll Friðriksson

	W	ÓÞARSGÓT	DÝRA- HLJÓÐ STÆKKA	NÓTA GRIP	W
	GREMJA				U
	NOKKRU				
ÞOM	U	SIGABIR	A	S	
TOURKUNNA					U
SNEÐA				S	
MJAKA				LAND	
SAM- HLJÓÐAR			KOSTUR NÖLL		
			S		
W	U	SLEMI		AHALD	
ÞEGAR	U		=>	SPIKZ (ÞFUG)	U

LAUSN SÍBUSTU KROSSGÁTU: Brátt kosið um sameiningu.

## Ótrúlegt - en kannski satt...

Worcesterskíri er sýsla á Suðvestur-Englandi á Bretlandseyjum og Worcester nefnist höfuðborgin. Hvað skyldi vera þekktasta varan frá þessum stað, jú, Worcestershiresósan að sjálfsgöðu, sem oft ert notuð til að bragðbæta matar- og drykkjaruppskriftir. Ótrúlegt, en kannski satt, þá er sósan í meginatriðum gerjuð ansjósúsósa.

## Tilvitnun vikunnar

Áttu óvini? Gott. Það þýðir að þú hafir tekið afstöðu á einhverjum tíma í lífi þínu. – Winston Churchill

## Sudoku

			9			8	4	
5	9				6			7
	1	6		2	7			
				6	3			1
3	6		5					9
	7					3	6	
		9	8			1		
1	3		7			9		
		2	1	4			3	

SVÖR VIÐ VÍSNAÐGÁTUR: Strengur.





# Það er ekkert mál að spara saman í appinu

Nú getur fjölskyldan eða vinahópurinn sparað saman í Landsbanka-appinu. Það tekur bara örstutta stund að stofna reikning og þið getið öll fylgst með þangað til markmiðinu er náð.

—  
ÞAÐ ER LANDSBANKI  
NÝRRA TÍMA



Hjólaferð